

Þriðjudaginn 21. mars 1989.

Nr. 306/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Árna Ólafssyni og

Valgarði Sveini Hafdal

(Gylfi Thorlacius hrl.).

Brot í opinberu starfi. Líkamsmeiðingar. Handtaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 19. júlí 1988 til sakfellingar samkvæmt ákæru og ákvörðunar refsingar, að því er ákærða Valgarð Svein Hafdal varðar, en til þyngingar á refsingu dómfellda Árna Ólafssonar, svo og til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

I.

I. Ákæra fyrir ólöglega handtöku og fangelsan.

1. Það verður að teljast grundvallarregla að lögreglumenn rannsaki ekki sjálfir mál sín og nákominna vandamanna. Þegar litið er til starfsreynslu ákærða Árna sem lögreglumanns verður að telja að honum hafi mátt vera ljóst að ekki væri við hæfi að hann byði sig fram til þess að sinna kæru sonar síns með þeim hætti sem lýst er í héraðsdómi. Það var og misráðið af varðstjóra í fjarskiptamiðstöð að leyfa þetta, enda ekki annað í ljós leitt en unnt hefði verið að fela öðrum lögreglumönnum verkið. Eru þessi afskipti ákærða Árna af máli Sveins Benedikts Jónassonar ámælisverð.

Af gögnum máls verður ekki ráðið að Sveinn Benedikt hafi verið handtekinn áður en hann fór upp í lögreglubifreiðina. Honum var ljóst að lögreglumenn vildu spyrja hann um atvikið í Aðalstræti og skylt að svara spurningum þeirra um nafn og heimilisfang. Fram er komið að bróðir Sveins tafði fyrir því að skýrsla væri tekin af honum. Skýrslutöku var ekki lokið er Sveinn leitaði útgöngu úr

lögreglubifreiðinni. Var lögreglumönnum því heimilt að stöðva för hans. Sveinn Benedikt bar mjög æstur og veitti lögreglumönnum móttþróa. Við þessar aðstæður var þeim rétt að handtaka hann og færa til yfirheyrslu á lögreglustöðinni, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um þetta ákæruatriði staðfest.

2. Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdómara að fyrirhuguð vistun Sveins Benedikts í fangageymslu hafi ekki verið að nauðsynjalausu. Þykir því mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um þetta ákæruatriði.

II. Ákæra fyrir líkamsmeiðingu.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja sannað að handleggsbrot Sveins Benedikts Jónassonar verði rakið til gáleysis ákærða Árna. Ber því að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu brotsins til refsíákvæða. Þykir refsing hæfilega ákveðin sekt 30.000,00 krónur er ákærði greiði innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 15 daga.

II.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist að $\frac{3}{4}$ hlutum úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{4}$ hluta af ákærða Árna eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði Valgarður Sveinn Hafdal skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Ákærði Árni Ólafsson greiði 30.000,00 krónur í sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 15 daga, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda beggja ákærðu, Gylfa Thorlaciusar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur, greiðist að $\frac{3}{4}$ hlutum úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{4}$ hluta af ákærða Árna. Ákærði Árni greiði 12.500,00 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júlí 1988.

Ár 1988, þriðjudag 5. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 374-375/1988: Ákærvaldið gegn Árna Ólafssyni og Valgarði Sveini Hafdal, sem tekið var til dóms 28. f.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. apríl sl., á hendur ákærðu, Árna Ólafssyni, fyrrverandi lögregluþjóni, Stóragerði 22, Reykjavík, fæddum 18. júlí 1947 að Eylandi í Vestur-Landeyjum, og Valgarði Sveini Hafdal lögregluvarðstjóra, Kambaseli 15, Reykjavík, fæddum 7. júlí 1940 á Akureyri.

Í ákærunni segir:

„Ákærðu eru báðum gefin að sök eftirgreind brot í opinberu starfi og ákærða Árna enn fremur eftirgreind líkamsmeiðing við framkvæmd lögreglustarfa aðfaranótt 13. febrúar 1988 í Reykjavík í sambandi við meðferð máls Sveins Benedikts Jónassonar, fædds 28. júní 1967:

I.

Ólögleg handtaka og fangelsan.

1. Ákærða Árna er gefið að sök að hafa laust eftir miðnætti fyrrgreinda nótt farið fyrir og stjórnað för lögreglumanna að dvalarstað Sveins Benedikts að Njálsgötu 39 og handtekið hann þar að nauðsynjalausu vegna kæru sonar síns, Hrafns, á hendur Sveini Benedikt fyrir meint spjöll á bifreið Hrafns, R 39935, og var Sveinn Benedikt síðan fluttur í handjárnnum á lögreglustöðina við Hverfisgötu 113.

2. Ákærða Valgarði Sveini er gefið að sök að hafa sem varðstjóri í fangamóttöku, er komið var með Svein Benedikt á lögreglustöðina, ákveðið vistun hans í fangaklefa þrátt fyrir það að enga nauðsyn bæri til slíkrar vistunar.

Þykja ákærðu með framangreindum hætti hafa gerst brotlegir við 131. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til vara við 132. gr. sömu laga.

II.

Líkamsmeiðing.

Ákærða Árna er enn fremur gefið að sök að hafa gerst offari í starfi í greint skipti er hann ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum færði Svein Benedikt úr yfirhöfn vegna fyrirhugaðrar vistunar hans í fangaklefa, tók báðum höndum um vinstri handlegg Sveins Benedikts og sveigði hann aftur fyrir bak með þeim afleiðingum að Sveinn Benedikt hlaut brot á neðanverðu upphandleggsbeini.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr., til vara við 219. gr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna.

Dómkröfur.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.“

A.

Málavextir eru þessir:

Skömmu fyrir klukkan eitt aðfaranótt laugardags 13. febrúar sl. kom Hrafn Árnason, f. 28. september 1967, á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík og bað stöðvarmann á vakt að hafa samband við föður sinn, Árna Ólafsson lögreglumann, sem væri að störfum.

Kvaðst Hrafn hafa orðið fyrir því að unnið hefði verið skemmdarverk á bifreið sinni. Hringdi stöðvarmaðurinn inn á fjarskipti og var þaðan haft samband við föður Hrafn sem þá var staddur í lögreglubifreið nr. 31 í eftirlitsferð í Kringlunni. Með honum í bifreiðinni voru lögreglumennirnir Grímur Grímsson og Júlíus Einarsson. Voru þeir skráðir á starfssvæði 2 sem er austan Snorrabrautar. Árni var elstur starfsmaður og þess vegna í fyrirsvari fyrir þá. Óku þeir, sem leið lá, á lögreglustöðina og hittu þar fyrir utan Hrafn og vin hans sem var með honum í bifreiðinni er atburðurinn átti sér stað.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna varðandi aðdraganda framangreinds atburðar:

Hrafn Árnason kvaðst hafa ekið Austurstræti til vesturs. Með honum var vinur hans, Guðni Sveinn Theódórsson, sem sat við hlið hans í farþegasætinu. Á móts við Fógetann stöðvaði hann bifreiðina fyrir vegfarendum. Einn úr þeim hópi kom aðvífandi að bílnum. Þeytti hann þá bílflautuna til að vekja athygli mannsins. Maðurinn hélt hins vegar áfram og hlammaði sér upp á vélarhlífina og gekk síðan í burtu. Fór Hrafn þá út úr bílnum og elti hann. Reyndi hann að sýna honum skemmdirnar, ræða við hann og fá upp nafn hans, heimilisfang og aðrar upplýsingar. Á meðan færði Guðni Sveinn bílinn. Maðurinn neitaði með öllu að gefa upp nafn og heimilisfang, en félagar hans kölluðu hann Svenna. Félagar Svenna réðust þá á Hrafn, spörkuðu í hann og börðu hann í hálsinn. Leikurinn barst á ný að bílnum og þar réðst einn vina mannsins á Hrafn. Á meðan á þessu stóð stökk sá, sem hoppaði upp á vélarhlífina, í burtu og í leigubifreið sem þar var. Reyndi hann síðan að stinga af með því að fara í aðra leigubifreið sem stóð fyrir aftan. Tveir félagar hans voru eftir í fyrri bifreiðinni. Elti Hrafn leigubílinn, sem Sverni fór í, að Njálsgötu 39. Fór hann við svo búið á lögreglustöðina við Hverfisgötu og óskaði eftir viðtali við föður sinn, Árna. Haft var samband við hann um fjarskipti og kom hann nokkru síðar að stöðinni þar sem þeir Guðni Sveinn biðu. Með honum voru tveir

lögreglumenn. Sagði hann þeim hvað gerst hafði og leitaði ráða. Faðir hans fór inn á lögreglustöðina og kom út stuttu síðar og bað þá Guðna að koma með þeim að Njálsgötu 39 til að bera kennsl á manninn.

Hrafn sagði að greinilegar skemmdir hefðu sést á vélarhlífinni, hún hefði dældast og hluti dældarinnar gengið upp að nýju og eftir þann hluta verið „spigill“. Faðir sinn hefði kannað skemmdirnar á bifreiðinni fyrir utan lögreglustöðina og einnig hefði Júlíus, sem sat inni í lögreglubifreiðinni, sagt að hann hefði séð þær.

Guðni Sveinn bar á sama veg og Hrafn um ferðir þeirra. Pilturinn, sem hann síðar heyrði að félagar hans kölluðu Svenna, kom gangandi í átt að bílnum, en þá var hann í um 4-5 metra fjarlægð. Þegar hann kom að bílnum henti hann sér upp á vélarhlífina. Við þetta kom dæld sem gekk upp, en eftir hana voru sjáanlegar skemmdir. Gekk pilturinn síðan í burtu, en Hrafn fór út á eftir honum, en á meðan færði hann bifreiðina. Sá hann ekki hvað þeim fór á milli, en þegar hann kom út var hópurinn í einhverjum handalögmálum í kringum Hrafn og piltinn sem félagar hans kölluðu Svenna. Síðan komu allir að bílnum og fóru að strjúka hann í leit að skemmdum. Hrafn hefði reynt að fá nafn og heimilisfang píltsins, en pilturinn hefði ekki gefið það upp, a.m.k. í sinni áheyrn. Hann hefði ekki heldur heyrt hann neita því. Þeir hefðu síðan elt seinni leigubifreiðina, sem Svenni fór inn í, í þeim tilgangi að vita deili á honum, en Hrafn hefði sagt sér, að hann hefði ekki haft upp úr piltinum nafn hans og heimilisfang. Þá lýsir hann á sama veg og Hrafn ferð þeirra að lögreglustöðinni og þaðan að Njálsgötu 39.

Sveinn Benedikt Jónasson kvaðst hafa hafið áfengisneyslu ásamt bróður sínum, Þóri Karli, á Njálsgötu 39, heimili Þóris Karls, þetta kvöld. Þeir hefðu drukkið þar um þrjú glös af áfengi hvor. Þaðan fóru þeir á Hótel Borg og drukku eitt glas hvor af áfengisblöndu. Um miðnætti fóru þeir á Fógetann og drakk hann þar tvö glös af áfengisblöndu. Þar voru þeir dágóða stund, en um kl. 00.30 fóru þeir þaðan ásamt kunningjum Þóris Karls sem þeir hittu þar. Hann var lítillaga ölvaður, en bróðir ódrukkinn. Fyrir dómi breytti hann þeim framburði að bróðir sinn hefði drukkið ofangreint áfengi og taldi hann að bróðir sinn hefði ekkert áfengi drukkið. Svipuðust þeir eftir leigubíl þegar út var komið. Heyrði hann þá bróður sinn kalla og sá hvítan bíl nálgaast. Við þetta brá honum og lagðist hann upp á vélarhlífina. Þegar hann áttaði sig á hvað hann hafði gert tók hann viðbragð og hljóp í burtu í átt að þeim sem hann var með. Hann kvaðst ekki vita nánar hvernig þetta gerðist eða af hverju. Fyrir dóminum bar hann hins vegar að hann hefði lent á hálkubletti á götunni og runnið til og við það dottið. Skömmu seinna kom ökumaðurinn og fóru þeir afsíðis til að tala saman. Sagði ökumaðurinn honum að hann hefði dældað vélarhlífina.

Á meðan þeir ræddu saman kom Þórir Karl og fleira fólk þarna að. Varð talsverður æsingur og sumir vildu láta hnefaréttinn ráða. Eftir smávægilegar ryskingar fóru þeir og skoðuðu bifreiðina, en eftir því sem þeir best gátu séð, sáu þeir ekki svo mikið sem rispu. Ökumaðurinn var alveg óður og vildi fá nafn hans og heimilisfang. Sagði hann honum það. Við svo búið fór hann ásamt bróður sínum og fleirum að Njálsgötu 39.

Þórir Karl Jónasson bar að hann hefði einskis áfengis neytt er hann kom ásamt Sveini Benedikt og fleira fólki út af Fógetanum, hann hefði verið allsgáður. Sveinn Benedikt hefði aðeins dregið sig út úr hópnum, annaðhvort farið út á undan þeim eða eftir. Skyndilega sá hann bróður sinn uppi á vélarhlífinni. Fór hann strax niður aftur. Skömmu seinna kom ökumaðurinn út. Voru hann og Sveinn Benedikt í einhverju tuski, en ekki kom til áfloga. Spurði ökumaðurinn Svein Benedikt að nafni og hvar hann ætti heima. Sagði Sveinn Benedikt honum fullt nafn og heimilisfang að Njálsgötu 39. Hins vegar hefði einhver strákur kallað til Sveins að hann skyldi ekki gefa upp nafn sitt. Eftir þetta slepptu ökumaðurinn og Sveinn Benedikt taki hvor á öðrum, en Þórir Karl ásamt öðrum strák tóku í hann og sögðu honum að hætta þessum látum. Fór hópurinn síðan að Njálsgötu 39 í tveim leigubílum, en ökumaðurinn elti þá.

Í skýrslu Júlíusar um aðdragandann að máli þessu segir m.a. að tjónþoli, þ.e. Hrafn Árnason, hafi komið á lögreglustöðina og borið að maður, sem hétí Sveinn, hefði hent sér upp á vélarhlíf bifreiðar sinnar og haldið að Njálsgötu 39. Þeir lögreglumennirnir hafi haldið þangað og komu tjónþolinn og vitnið með þeim í lögreglubifreiðinni.

Samkvæmt segulbandsupptöku fjarskipta hafði Árni samband við fjarskipti kl. 01.02. Varð Viðar S. Waage fyrir svörum. Kvað Árni son sinn hafa orðið fyrir því að piltur hefði stokkið upp á vélarhlíf bifreiðar hans með þeim afleiðingum að hún skemmdist dálítið. Vissi sonur sinn að pilturinn væri á Njálsgötu. Bað Árni um heimild til að „fara í málið“ og veitti Viðar honum þá heimild.

Í skýrslu Júlíusar um ferð þeirra að Njálsgötu 39, handtöku á Sveini Benedikt Jónassyni, vistun hans í fangaklefa og í framhaldi af því handleggsbrot hans segir m.a. að Sveinn Benedikt hafi verið handtekinn við húsið og færður fyrir S.H. varðstjóra sem fjallaði um mál hans og úrskurðaði í fangaklefa, en Sveinn hefði unnið skemmdarverk á bifreið. Í fanga-geymslu hefði verið að störfum Guðrún Jóna Sigurðardóttir og Jóhann Eyþórsson sem báðu Svein að tína upp úr vösum sínum og afklæðast yfirhöfn. Þá hefði Sveinn upphafið heitingar og æst mjög. Tóku þeir lögreglumennirnir og Jóhann þá Svein föstum tókum og hófu að færa hann úr yfirhöfn, en allan tímann braust Sveinn um. Ekki hafði svo lengi gengið þegar smellur kvað við. Kveinkaði Sveinn sér vegna sársauka í vinstri hand-

legg og var farið með hann á slysadeild Borgarspítalans. Kom þá í ljós að vinstri handleggur hans var brotinn.

B.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna og ákærðu að því er varðar ákæruefni eins og því er lýst í ákæru.

I.

1. Ákærði Árni kveðst hafa starfað um árabil sem lögreglumaður, fyrst úti á landi, en frá 1. febrúar 1987 hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. Umrætt sinn hafi hann verið á vakt og verið í lögreglubifreiðinni R 20031 (nr. 31) með þeim lögreglumönnum Júlíusi Óla Einarssyni og Grími Grímssyni. Samkvæmt varðskrá hafi þeir átt að sinna verkefnum á varðsvæði 2, sem er austan Snorrabrautar. Þar sem hann bar lægst númer var hann jafnframt stjórnandi áhafnarinnar. Bifreiðunum sé stjórnað af fjarskiptadeild, en yfirmaður sinn sé aðalvarðstjóri á vaktinni. Þeir hafi verið staddir í Kringlunni þegar kallað var á þá frá fjarskiptum og þeir beðnir að koma á stöðina þar sem þar væri maður sem vildi hafa tal af honum. Óku þeir að aðaldrygunum. Þar beið þá sonur hans, Hrafn, ásamt vini sínum, Guðna Sveini. Skýrði Hrafn honum frá því að bifreið sín hefði orðið fyrir skemmdum af völdum manns í Aðalstræti. Þar hefði þessi maður hent sér upp á vélarhlífina á bílnum. Hann sagðist ekki vita hvað þessi maður hétí, en hann teldi að hann væri í húsi nr. 39 við Njálsgötu. Þangað hefði hann veitt eftirför leigubifreið sem maðurinn var í. Hrafn hefði sagt að hann hefði reynt að fá upp nafn mannsins, en hið eina, sem hann vissi, væri að hann hefði heyrt hann kallaðan Svenna.

Árni kvaðst hafa lagt lögreglubifreiðinni við hlið bifreiðar Hrafns og skoðað bifreið Hrafns þar sem hún stóð fyrir utan lögreglustöðina. Hann hefði greinilega séð ákomu og för á vélarhlífinni hægra megin framan til eða hægra megin við miðju. Bíllinn hefði verið hreinn, en mjög rykugur og greinileg dæld eða dældir sem spegluðust í útilýsingunni, en þurrt var og frost. Hinir lögreglumennirnir hefðu ekki skoðað bifreiðina með sér.

Er hann hafði heyrt málavöxtu hjá Hrafn skýrði hann Júlíusi og Grími frá þeim og fór við svo búið inn til stöðvarmannsins og hringdi í Viðar Waage, varðstjóra á fjarskiptum, tilkynnti honum, hvað gerst hefði, og spurði hvort hann gæfi sér heimild til að kanna málið. Jafnframt tilkynnti hann honum að Hrafn vissi, hvar tjónvaldurinn héldi sig. Hafi Viðar samþykkt, að þeir færu að Njálsgötu 39.

Þeir hafi haldið í lögreglubifreiðinni með Hrafn og Guðna Sveini sem leið lá að Njálsgötu 39. Þar fóru þeir lögreglumennirnir út úr bifreiðinni og knúðu á dyr. Hið eins, sem þeir vissu um tjónvaldinn, var það, sem

Hrafn hafði sagt þeim, þ.e., að hann væri kallaður Svenni. Dyrum lauk upp fyrir þeim ungur maður, sem sagðist vera húsráðandi.

Við yfirheyrslu hjá RLR er bókað eftir Árna, að þegar maðurinn kom til dyra, hafi þeir spurt eftir Sveini, en við meðferð málsins kvað ákærði þetta ekki rétt. Þeir hafi spurt eftir Svenna, enda ekki vitað þá, að maðurinn hétí Sveinn. Maðurinn hafi brugðist illa við komu þeirra, sagt, að þeir hefðu þarna ekkert að gera og þá varðaði ekkert um bróður sinn. Þeir hafi ekki beðið um leyfi til að fara inn í húsið, enda hafi það ekki verið ætlunin, heldur einungis að fá upplýsingar um nafn og heimilisfang píltsins. Hann hafi sagt, að hann vissi um erindi þeirra, og eftir þessi orðaskipti hefði hann kallað á Svenna. Þá hefði piltur komið út fyrir dyrnar. Þeir hefðu reynt að ræða í rölegheitum við hann, en án árangurs. Húsráðandi og Svenni hefðu báðir virst ölvaðir. Þar sem hvorki gekk né rak að ræða við piltinn eða fá hann til að svara spurningum hefðu þeir beðið hann að koma með sér út í lögreglubílinn. Hann hefði viljað það og farið með þeim sjálfviljugur. Áður en til þess kom hefði bæði verið búið að spyrja piltinn og bróðurinn um nafn hans, en hvorugur viljað svara. Hins vegar minntist hann þess ekki að þeir hefðu beðið hann um skilríki.

Pilturinn fór með Grími inn í bílinn. Kom þá bróðir píltsins og fór að skattyrðast við þá og æsa piltinn upp. Reyndi Árni að róa bróðurinn og útskýra fyrir honum málavöxtu, en það tókst ekki. Júlíus var þá á leið inn í bílinn, en sjálfur var hann að búa sig undir að fara inn um rennihurð á hlið bílsins. Vissi hann ekki fyrr til en hurðinni er allt í einu rennt upp og stökk Svenni á hann þar sem hann stóð fyrir utan. Vörnuðu þeir honum útgöngu, en ákærði kvaðst ekki geta fullyrt með vissu hvar hinir lögreglumennirnir voru, utan við bílinn eða í honum. Er þeir reyndu að varna honum útgöngu flaugst hann á við þá og tók engum sönsum. Hann hefði brotist um og engin leið hefði verið að róa hann. Hefði þetta endað með því að þeir færðu hann í handjárn. Hann minntist þess ekki að einn þeirra hefði öðrum fremur ákveðið að handjárnna piltinn. Minnti hann að þegar honum hefði dottið í hug að járna Svein hefði Grímur verið kominn með járnin í hendurnar. Er ákærða var bent á þann framburð Gríms að hann hefði beðið Grím um að handjárnna piltinn kvaðst hann ekki minnast þess, en kvaðst ekki þræta fyrir að svo hefði verið.

Á meðan á þessu stóð voru þeir allir þrír, að því er hann minnti, komnir inn í lögreglubífreiðina, en auk þeirra og píltsins voru þar Hrafn og Guðni Sveinn, en hinir tveir síðarnefndu fóru aldrei út úr henni í ferðinni til og frá Njálsgötu 39.

Ákærði kvaðst hafa séð fulla ástæðu til að varna ákærða útgöngu eins og hér stóð á, pilturinn hefði neitað að segja til nafns, sýnt mótþróa, verið í átökum við þá og engum sönsum tekið. Undir slíkum kringumstæðum

sé venjan vegna öryggis mannsins sjálfs, lögreglumannanna og annarra að beita handjárnun.

Við þessar aðstæður hefði vegna hegðunar píltsins og viðbragða að sínu mati ekki verið um annað að ræða en handjárnna piltinn og handtaka. Aðgerðir þeirra hefðu ekki verið of harkalegar miðað við aðstæður. Pilturinn hefði ekki gefið upp nafn sitt, dvalarstað eða heimili og þeir ekki átt á vísan að róa með það síðar. Hann hefði ekki heldur getað treyst orðum húsráðanda eins og framkomu hans var háttað.

Í framhaldi af þessu kvaðst ákærði hafa ekið, sem leið lá, á lögreglustöðina. Sveinn hefði setið rólegur aftur í við hlið lögreglumannsins á leiðinni, þ.e. hann hefði ekki brotist um, en verið mjög æstur og reiður. Hann hefði ekki orðið var við að Sveinn viðurkenndi verknaðinn eða segði til nafns á leiðinni á lögreglustöðina, en þegar lagt var af stað hefði Sveinn enn lýst yfir að hann hefði ekkert við þá að tala.

Aðspurður um það, hvort Júlíusi og Grími hafi verið kunnugt um að Hrafn væri sonur hans, kvaðst hann telja að Júlíusi ætti að hafa verið um það kunnugt því að þeir hefðu oft hist áður.

Vitnið Júlíus Óli Einarsson bar á sama veg og ákærði um aðdragandann að komu þeirra á lögreglustöðina. Er þeir komu þangað hefði komið í ljós að maður sá, er þar var vegna skemmda á bifreið sinni, var sonur ákærða Árna. Hann hefði séð út um hliðarrúðuna þar sem hann sat í framsæti lögreglubifreiðarinnar að mjög lítil dæld var hægra megin á vélarhlíf bifreiðar Hrafn, en bifreiðarnar stóðu samsíða. Árni stóð úti við bílinn og benti honum þaðan á skemmdirnar.

Samkvæmt frásögn Árna hefði Hrafn eingöngu verið kunnugt um að tjónvaldur var kallaður Svenni og að hann hefði farið inn í húsið nr. 39 við Njálsgötu. Hann minntist þess ekki að Hrafn hefði verið spurður um málavexti á leiðinni að Njálsgötu 39.

Tilgangurinn með ferðinni að Njálsgötu 39 hefði verið sá að hafa uppi á þeim, sem tjóninu olli, og málavöxtum vegna þess.

Er þangað kom hefði húsráðandi látið ólíkindalega í byrjun, en skýrt síðan frá atvikinu og kannast við það, en sagt að bróðir sinn hefði ekki átt þátt í því. Hann minntist þess ekki hvort húsráðandi var spurður að nafni. Eftir nokkrar vífilengjur hefði húsráðandi kannast við að bróðir sinn væri þar inni. Hafi hann komið fram og byrjað að ræða við þá í dyragættinni, en viðræðurnar gengið illa þar sem bróðirinn (húsráðandinn) var sífellt að trufla þá. Þeir hafi spurt piltinn, sem var greinilega ölvaður en þó ekki slagandi, að nafni og reynt að ræða við hann um atburðinn í Aðalstrætinu, en hann ekki viljað ræða þetta, og hafi bróðir hans, sem bæði var æstur og málgladur, átt þar mikinn þátt að. Þess vegna hefðu þeir beðið piltinn að koma og ræða við sig úti í lögreglubifreiðinni, og hefði hann

þá komið með þeim sjálfviljugur út í bifreiðina. Hann hefði einnig verið spurður að nafni eftir að hann kom inn í bifreiðina, en neitað að gefa það upp. Hann minntist þess ekki að pilturinn hefði verið krafinn skilríkja.

Júlíus kveðst hafa sest í framsætið hægra megin, en Grímur sest aftur í, hægra megin næst hurðinni, að því er hann minnti. Voru þeir nýfarnir að ræða við piltinn um atvikið við Fógetann. Árni var þá fyrir utan á tali við bróður pilsins og var bróðirinn mjög æstur. Virtist honum pilturinn æsast mjög við að heyra í bróður sínum því að hann hefði sprottið upp, rennt upp hurðinni, en þeir Árni og Grímur vörnuðu því að hann kæmist út. Árni og Grímur hefðu svo handjárnað piltinn, en ekki heyrði hann hvað þeim fór á milli. Minnti hann að Grímur hefði tekið upp handjárnin, en þeir Árni járnað hann í sameiningu.

Er vitninu Júlíusi var kynntur sá framburður Sveins Benedikts að hann hefði fyrst orðið æstur er hann varð þess áskynja að þeir ætluðu ekki að sleppa honum út úr bílnum, sagði hann að þeir hefðu fyrst sagt honum að þeir ætluðu með hann niður á stöð eftir að þeir handjárnuðu hann. Æsingur pilsins hefði fyrst og fremst stafað af því er hann heyrði í bróður sínum fyrir utan með æsing og hávaða.

Júlíus taldi fráleitt að reyna að halda uppi samræðum við piltinn þarna á staðnum eins og ástatt var og því hefði þeim þótt rétt að færa hann fyrir varðstjóra til þess að fá umbeðnar upplýsingar, enda vildi hann hvorki gefa upp nafn né heimilisfang og var orðinn mjög æstur. Hann hefði allan tímann verið mjög æstur, þó misjafnlega mikið. Á leiðinni á stöðina hefði hann verið æstur og sýnilega ölvaður, en ekki sýnt mótþróa. Hann minntist þess ekki að hafa orðið þess áskynja að pilturinn hefði viðurkennt verknaðinn á leiðinni.

Vitnið Grímur Grímsson lýsti aðdraganda þess, að þeir fóru að lögreglu-stöðinni og Njálsgötu 39, á sama veg og Júlíus. Hann kvaðst hins vegar enga hugmynd hafa haft um það að Hrafn væri sonur ákærða Árna. Hann kvaðst hafa litið út um glugga lögreglubifreiðarinnar á bifreið Hrafns, þegar hún stóð fyrir utan lögreglustöðina, og séð tvær litlar dældir á vélarhlífinni.

Á leiðinni að Njálsgötu 39 hefðu piltar þeir, sem komu með þeim, sagt að þeir hefðu verið í kyrrstæðri bifreið fyrir utan Fógetann þegar maður kom og hoppaði upp á vélarhlíf bifreiðarinnar og til stympinga hefði komið. Piltarnir hefðu sagt að maður þessi hétí Sveinn og væri í tilteknu húsi við Njálsgötu.

Er þeir komu að Njálsgötu 39 hefði Júlíus barið þar upp á og virtist þar vera gleðskapur. Eftir nokkra bið kom maður til dyra og kvaðst vera húsráðandi. Þeir hefðu spurt eftir Sveini, en maðurinn sagt að þar væri enginn Sveinn. Eftir ítrekaðar spurningar hefði maðurinn samt viðurkennt að Sveinn bróðir sinn væri þarna, kallað á hann og beðið hann að koma

fram. Sveinn hefði greinilega verið undir áfengisáhrifum, en vel viðræðu-hæfur. Þar sem samkvæmi var í húsinu og þeir vildu ræða við Svein í næði bað Júlíus hann að koma með þeim út í lögreglubílinn og ræða við þá og féllst hann á það. Fylgdi bróðirinn á eftir. Þar kvaðst Grímur hafa haft tal af honum. Bróðirinn var æstur og ölvaður og leiður vegna þessa atviks, en Grímur taldi ekki að tilgangur bróðurins hefði verið sá að æsa Svein. Hann hefði ekki spurt bróðurinn um nafn og heimilisfang Sveins þar sem hann taldi að Sveinn mundi sjálfur segja þeim það í bifreiðinni þar sem hann fór þangað sjálfviljugur. Á meðan hann talaði við bróðurinn voru þeir Sveinn, Júlíus og piltarnir tveir, sem komu með þeim, í lögreglubifreiðinni, en hvað þeim fór á milli vissi hann ekki. Þegar hann opnaði hurðina og ætlaði inn í bifreiðina var Sveinn, sem var talsvert ölvaður, orðinn æstur og ósáttur við þá sem inni voru og reyndi hann að komast út. Kom til átaka milli þeirra lögreglumannanna og Sveins og höfðu þeir hann undir.

Í skýrslu sinni hjá RLR er haft eftir Grími að hann minni að Árni hafi beðið sig um handjárnin, en hann þá þegar haft þau tilbúin. Við meðferð málsins kvaðst hann telja að Árni hefði spurt sig um þau. Hefði hann haft þau tilbúin og handjárnað Svein. Sjálfgefið hefði verið að handjárnna hann þar sem hann braust um í tókum. Þá hefðu þeir reynt að róa Svein með því að spyrja hann að nafni og heimilisfangi, þ.e. Árni hefði gert það, en það hefði ekki tekist. Þess vegna hefðu þeir tekið þá ákvörðun að fara með hann niður á stöð, þar sem það tíðkist, vilji menn ekki gefa upp nafn sitt.

Á leiðinni á stöðina hefði hann reynt að róa Svein sem sat við hlið hans og var hann sæmilega rólegur. Í umræðum þeirra hefði Sveinn viðurkennt fyrir honum verknaðinn og lýst sig reiðubúinn að greiða bætur. Þar sem stutt var á leiðarenda og stjórnandi þeirra við akstur hefði ekki komið til álita að sleppa Sveini, enda heyrðu þeir Júlíus og Árni, sem sátu frammi í, ekki þessar viðræður. Hann hefði ekki fengið upplýsingar um frekari deili á Sveini, enda hefði hann ekki verið að taka af honum skýrslu þarna á leiðinni.

Vitnið Sveinn Benedikt Jónasson kvaðst hafa drukkið úr einu glasi af áfengisblöndu eftir að hann kom að Njálsgötu 39 með bróður sínum og fleira fólki umrædda nótt. Hann hefði verið lítillga ölvaður, en bróðir sinn ódrukkinn, enda ekkert áfengi drukkið.

Sveini Benedikt var við meðferð málsins bent á framburð sinn fyrir RLR varðandi það áfengi sem þeir bræður drukku og rakið er í kafla A. Kvaðst hann nú telja að það væri ekki rétt, bróðir sinn hefði ekkert áfengi drukkið.

Eftir 30 - 45 mínútur komu lögreglumenn og með þeim ökumaður bifreiðarinnar, sem hann lenti uppi á í Aðalstræti, og vinur hans. Þórir Karl

hafi fyrst rætt við þá, en kom svo til hans og sagði að lögreglan vildi ræða við hann. Þegar hann kom út á tröppurnar spurðu lögreglumennirnir þrír hann spurninga um það hvað gerst hafði í Aðalstræti og hefði hann svarað þeim, en þeir hefðu ekki trúað sér og beðið sig að fara með sér út í lögreglubifreiðina. Þar yfirheyrðu lögreglumennirnir hann og sögðust myndu sleppa honum ef hann segði sannleikann. Eftir smátíma hefði hann viðurkennt að hafa gert þetta vísvitandi sem var ekki rétt þar sem hann hafði lent, svo sem áður er lýst, uppi á vélarhlífinni. Þá spurðu þeir hann að nafni og heimilisfangi inni í bifreiðinni og gaf hann þeim upp fullt nafn og heimilisfang. Er þetta var voru í lögreglubifreiðinni ofangreindir tveir menn, sem voru í bifreiðinni í Aðalstræti, og tveir lögreglumenn sem fóru inn í hana aftan til, en hann kvaðst ekki vera viss um hvar þeir sátu í bifreiðinni.

Er hann hafði gefið lögreglumönnum þessar upplýsingar vildi hann komast út úr bifreiðinni þar sem hann sá enga ástæðu til að vera þar lengur, en þeir lokuðu bifreiðinni og sögðu að hann yrði að koma með sér á lögreglustöðina. Hann varð þess var að Þórir Karl, bróðir sinn, stóð fyrir utan bifreiðina og var hann orðinn eitthvað æstur. Kallaði Þórir Karl til hans. Af öllum þessum ástæðum kvaðst hann hafa reynt að komast út úr bifreiðinni.

Þá hefðu tveir lögreglumannanna ráðist að sér, en hvort þeir voru þá allir í bifreiðinni kvaðst hann ekki geta fullyrt. Vel gæti verið að annar þeirra, sem á sig réðst, hefði staðið utan við bifreiðina. Hins vegar hefðu tveir þeirra staðið að því að handjárna sig, og hefðu þeir báðir verið inni í bifreiðinni.

Á leiðinni í lögreglubifreiðinni hefði hann viðurkennt á ný að hann hefði lent uppi á vélarhlíf bifreiðarinnar í Aðalstræti og lýst sig reiðubúinn að bæta tjón sem af þessu hefði hlotist. Þetta hefði hann gert til þess að þeir létu sig lausan.

Vitnið Þórir Karl Jónasson kvaðst hafa verið orðinn talsvert undir áhrifum áfengis er lögreglan kom að heimili hans umrætt sinn. Hann hefði hafið áfengisneyslu eftir að hann kom heim. Um 15 - 30 mínútum eftir að þeir komu heim hefði lögreglan komið. Fór hann til dyra. Spurðu þeir hvort Sveinn Jónasson ætti heima þarna og náði hann í Svein.

Við meðferð málsins var Þóri Karli bent á framburð lögreglumannanna um það að þeir hefðu ekki vitað önnur deili á Sveini en hann væri kallaður Svenni. Hélt Þórir Karl fast við framangreindan framburð sinn. Hann kvaðst ekki hafa heyrt viðræður lögreglumannanna við Svein eftir að Sveinn kom út til þeirra, en Sveinn hefði farið sjálfviljugur með þeim út í lögreglubílinn. Fór hann þá inn til sín á ný, en kom að vörmu spori aftur út og spurði lögreglumennina hvort Sveinn Benedikt færi ekki að koma.

Gekk hann á eftir lögreglumönnunum og fór að ræða við einn þeirra. Var hann með einhvern „kjaft“ við lögreglumanninn og kallaði til bróður síns hvort hann ætlaði ekki að fara að koma eða eitthvað í þeim dúr. Sá hann þá einhver átök inni í lögreglubifreiðinni og í framhaldi af því hefði Sveinn verið handjárnaður.

Vitnið Hrafn Árnason kvað þá Guðna Svein hafa beðið inni í lögreglubifreiðinni á meðan lögreglumennirnir knúðu dyra á Njálsgötu 39.

Sveinn kom síðan út eftir smástund og kom sjálfviljugur inn í bílinn. Þegar búið var að loka hurðinni á bílnum kom þarna að maður og fór að „rífa kjaft“. Þá ætist Sveinn allur upp og varð alveg óður. Í þann mund, er Julius var að fara inn í framsæti bifreiðarinnar, hefði Sveinn opnað hliðardyrnar og gert sig líklegan til að stökkva út, en lent í fanginu á Grími og Árna sem þá handjárnuðu hann. Þetta hefði borið brátt að og kvaðst Hrafn ekki vita hvort einhver einn þeirra tók þá ákvörðun að handjárnna Svein. Ekki hefði gefist ráðrúm til að tala við Svein áður en hann var handjárnnaður, en eftir það reyndu lögreglumennirnir að róa hann og spyrja hann um nafn og heimilisfang. Hann kvaðst ekki hafa heyrt hvað þeim Sveini og Grími fór á milli á leiðinni, Sveinn hefði setið rólegur í bílnum, en þó verið greinilega ölvaður og æstur í fasi.

Vitnið Guðni Sveinn lýsti komunni á Njálsgötu 39 á sama veg og Hrafn. Lögreglumennirnir hefðu allir þrír farið heim að dyrunum, en komið eftir stutta stund aftur með piltinn sem henti sér upp á vélarhlífina í Aðalstræti. Pilturinn hefði gengið inn í lögreglubifreiðina og sest við hlið Hrafns í aftursætið. Lögreglumennirnir lokuðu hurðinni og fóru að tala við einhvern mann sem var fyrir utan, en sá hefði verið með einhverjar hótanir. Pilturinn vildi strax komast út, en þá hefðu lögreglumennirnir þrír komið inn um hliðardyrnar og annar þeirra ásamt Árna handjárnnað piltinn. Hinn þriðji fór síðan út og settist farþega megin í framsætið. Hann kvaðst ekki hafa heyrt orðaskipti milli lögreglumannanna og Sveins, hvort þeir spurðu hann að nafni eða um skilríki, hvorki fyrir né eftir að hann var handjárnnaður. Sá lögreglumannanna, sem settist við hlið hans, hefði reynt að róa Svein, en hvað þeim fór á milli vissi hann ekki. Sveinn hefði verið rólegur á leiðinni, en þó talsvert ölvaður og óánægður. Hann hefði ekki orðið var við að hann hefði viðurkennt atburðinn á leiðinni.

Viðar Guðmundsson Waage kvaðst hafa verið varðstjóri í stjórnstöð (fjarskiptum) umrætt sinn. Hann kannaðist við þá starfslýsingu lögreglustjórans í Reykjavík frá 1. janúar sl. sem honum var sýnd við yfirheyrslur hjá RLR og við meðferð málsins, svo og að eftir henni væri starfað. Samkvæmt henni skulu tveir starfsmenn vera á vakt á fjarskiptum, annar þeirra varðstjóri. Þá segir í starfslýsingunni að sé um bráðaútkall að ræða

skuli varðstjóri beina ökutækjum á brotavettvang og stjórna því hvaða ökutæki fari þangað.

Þá kannaðist hann einnig við samtal sitt við ákærða Árna sem skráð er eftir segulbandsupptöku fjarskipta, sbr. kafla A.

Viðar kvaðst ekkert athugavert hafa séð við það að gefa Árna heimild til að sinna þessu máli þar sem Árni hefði ætlað að fara á staðinn til að fá upp nafn og upplýsingar, og þá heimild hefði hann gefið. Hins vegar væru hvorki fyrir hendi munnleg né skrifleg fyrirmæli um það að lögreglumenn að störfum skuli ekki sinna málum sem varða að einhverju leyti skyldmenni eða kunningja.

Viðar sagði að umrædda nótt hefði lögreglubifreiðin 31 (R20031), sem ákærði Árni var að störfum í, átt að vera samkvæmt lögregluvarðskrá á varðsvæði 2, en það sé austan Snorrabrautar. Meginreglan sé sú að lögreglubifreiðunum sé haldið innan hvers varðsvæðis sem úthlutað sé. Hins vegar hefði hann heimild til að senda lögreglubíla milli varðsvæða eftir ástæðum og verkefnabunga hverju sinni. Í þessu tilviki hefði ákærði, stjórnandi bifreiðar nr. 31, óskað heimildar til að sinna máli á öðru varðsvæði, þ.e. á varðsvæði 1. Hefði hann veitt ákærða Árna þessa heimild þar sem Árna hefði verið umhugað um að sinna þessu máli. Jafnframt hefði sér verið ljóst að Árni væri yfirvegaður og rólegur í starfi sínu og ekki ástæða til að ætla annað en hann gengi að því með sama hugarfari. Hann hefði vitað að um son Árna hefði verið að ræða, en ekki að sonurinn væri starfandi lögreglumaður, svo sem unnt væri að sjá af framangreindri útskrift segulbandsupptökunnar af samtali þeirra.

Vitnið Jónas Jón Hallsson, sem var aðalvarðstjóri á vakt umrætt sinn og sem slíkur æðsti yfirmaður á vakt, kvað framangreinda starfslýsingu vera í gildi og unnið væri eftir henni. Á fjarskiptum hefði Viðar G. Waage verið varðstjóri, en í fangamóttöku Valgarður Sveinn Hafdal.

Hann bar að borginni væri skipt í fjögur varðsvæði. Fengi áhöfn hvers bíls fyrirmæli í byrjun vaktarinnar um það hvaða varðsvæði hún ætti að sinna. Það væri óskráð regla að sá lögreglumannanna, sem lægst númer bæri og því með lengstan starfsaldur, væri stjórnandi áhafnarinnar nema annað væri tekið fram. Í þessu tilviki hefði Árni verið stjórnandinn. Engar skriflegar reglur væru þegar svo stæði á að skyldmenni lögreglumanna ættu hlut að máli, slík afskipti ættu ekki að eiga sér stað að sínu mati. Sér hefði ekki verið kunnugt um það að sonur Árna hefði átt hér hlut að máli fyrr en kvöldið eftir þennan atburð. Þá hefði sér ekki verið kunnugt að Viðari G. Waage var þetta ljóst er hann veitti ákærða heimild til að fara að Njálsgötu 39.

Vitnin Gunnlaugur Sigurðsson, Gunnleifur Kjartansson og Kristján Friðþjófsson rannsóknarlögreglumenn skoðuðu bifreið Hrafns, R39935, af

gerðinni Mazda, árgerð 1987, hvíta að lit, fyrir hádegi daginn eftir umræddan atburð, þar sem hún stóð í bílskúr við heimili hans.

Samkvæmt framburði þeirra skoðuðu þeir bifreiðina, aðallega með tilliti til skemmda á vélarhlíf. Enginn þeirra kom auga á skemmdir, hvorki á vélarhlíf né öðrum stöðum. Benti Hrafn þeim á að ef ljós félli „þannig“ á vélarhlífina mætti greina dæld, að vísu mjög litla. Við skoðun bifreiðarinnar var góð birta og bifreiðin hrein og þurr.

Vitnið Friðbjörn Kristjánsson bílasmiður kvað tvo menn hafa komið til sín 18. febrúar sl. og beðið sig að meta skemmdir á vélarhlíf bifreiðarinnar R39935. Hann hefði engin deili vitað á þessum mönnum. Við skoðun á bifreiðinni hefði ekki farið á milli mála að skemmd var á vélarhlífinni, þ.e. aflíðandi dæld. Þetta hefði hann fundið með því að strjúka yfir vélarhlífina og séð það þegar sér var á það bent svo og þegar hann settist undir stýrið og horfði eftir vélarhlífinni. Bifreiðin hefði verið hvít og því ljósari sem bifreiðar væru því erfiðara væri að sjá dældir af þessu tagi. Erfitt gæti verið fyrir leikmenn og þá, sem ekki eru því kunnugri bílum, að sjá slíkar dældir. Auðvelt væri að finna slíka dæld með því að setja „afréttara“ yfir dældina. Sjáanlegar lakkskemmdir hefðu ekki verið á bifreiðinni, en „hita-punkta“ hefði þurft til að strekkja stálið á vélarhlífinni sem sýni að tognun hafi verið í stálinu.

Friðbjörn kannaðist við matsgerð sína um ætlaðan kostnað við viðgerð á bifreiðinni, að fjárhæð 7.862,00 krónur, svo og reikning sinn, að fjárhæð 7.862,00 krónur, vegna réttingarvinnu sinnar, en gögn þessi voru honum sýnd við meðferð málsins. Þá liggur einnig frammi í málinu ljósrit af reikningi Bílamálunar sf., að fjárhæð 10.687,00 krónur, en Friðbjörn kvað það fyrirtæki, sem er til húsa við hlið fyrirtækis hans, hafa annast málningarvinnuna á bifreiðinni.

2. Svo sem fram kemur í kafla A var Sveinn Benedikt færður fyrir varðstjóra er komið var með hann á lögreglustöðina. Samkvæmt segulbandsupptöku fjarskipta er koma lögreglubifreiðarinnar í móttöku tilkynnt til fjarskipta kl. 01.15. Samkvæmt bókun í svokallaða „fangabók“, en samkvæmt henni skal varðstjóri færa upplýsingar um handtekna menn, var Sveinn Benedikt færður í fangamóttöku kl. 01.20.

Ákærði Valgarður Sveinn Hafdal var, svo sem fram er komið, varðstjóri í fangamóttökunni. Hann kannaðist við framangreinda starfslýsingu, sem honum var sýnd við yfirheyrslu fyrir RLR, og við meðferð málsins svo og að eftir henni væri starfað.

Hann kvaðst hafa starfað við lögreglustjóraembættið í Reykjavík tæp 18 ár, þar af tæp sex ár sem varðstjóri og sem staðgengill aðalvarðstjóra undanfarin þrjú ár.

Hann hefði verið staddur í fangageymslu þegar hann var beðinn að koma

í fangamóttökuna. Er hann kom þangað voru þar meðákærði Árni, Júlíus og Grímur. Voru þeir með handjárnaðan mann í tökum. Maðurinn hefði verið bæði mjög æstur og ölvaður. Árni hefði haft orð fyrir þeim lögreglumönnum og skýrt sér frá aðdraganda málsins. Skýrði hann svo frá í viðurvist hins handtekna að maðurinn hefði valdið talsverðum skemmdum á bifreið í Aðalstræti með því að stökkva upp á vélarhlíf hennar í drykkju-látum. Hann hefði verið að koma af Fógetanum og slangrað út á götuna. Eigandinn hefði farið út úr bifreiðinni og reynt að ræða við manninn sem svarað hefði illu einu og neitað að segja á sér deili. Hann hefði síðan ásamt félögum sínum farið í leigubifreið og reynt að stinga af. Bifreiðarstjórinn hefði fylgt á eftir og séð hvar maðurinn fór inn í húsið nr. 39 við Njálsgötu. Síðan hefði Árni komið á lögreglustöðina og beðið um aðstoð vegna máls þessa. Þeir hefðu svo farið að umræddu húsi, kvatt dyra og eftir nokkurt þóf fengið manninn til að koma út í lögreglubifreiðina. Voru þeir byrjaðir að ræða þar við hann þegar bróðir hans kom út að lögreglubifreiðinni og fór að blanda sér í málið. Hefði bróðurnum á svipstundu tekist að æsa manninn svo að til handalögmála hefði komið og þeir orðið að færa manninn í handjárn og í framhaldi af því fært hann á lögreglustöðina.

Ákærði kvaðst enga hugmynd hafa haft um það að kærandi málsins væri sonur meðákærða Árna. Sér hefði fyrst verið það kunnugt undir morgun er Viðar G. Waage, varðstjóri á fjarskiptum, tilkynnti sér það.

Ákærði kvaðst hafa reynt að róa manninn, en það hefði ekki tekist. Hann hefði verið mjög áberandi ölvaður og æstur, sterkur áfengisþefur verið af honum og augun fljótandi. Ekki hefði komið fram í viðræðum þeirra að Sveinn Benedikt hefði verið svona æstur vegna handtökunnar. Taldi ákærði að æsingur hans hefði bæði stafað af ölvunarástandi hans og handtökunni þó að hann minntist þess ekki að maðurinn hefði mótmælt handtökunni.

Eins og ástandi Sveins Benedikts var háttað og þar sem ákærða hefði ekki tekist að róa hann hefði hann talið rétt að Sveinn Benedikt yrði ekki færður úr handjárnnum. Illa hefði gengið að ná samhengi í framburði Sveins Benedikts vegna ölvunar hans og æsings, en þó hefði hann sagt ákærða nafn sitt og heimilisfang og viðurkennt að hafa valdið skemmdum á bifreiðinni í einhverjum fíflalátum. Ekki minntist hann þess að Sveinn Benedikt hefði lýst sig reiðubúinn að greiða skaðabætur vegna tjóns-ins.

Vistun Sveins Benedikts hefði átt að standa um stundarsakir í því skyni að mesta áfengisvíman rynni af honum, en ákærði óttaðist að í þessu ástandi kynni Sveinn Benedikt að vinna sjálfum sér og öðrum tjón ef honum yrði sleppt. Það hefði fyrst og fremst verið vegna þessara ástæðna, þ.e. öryggisástæðna, sem hann tók ákvörðun um vistun Sveins Benedikts,

en ekki hefði verið ætlunin að vista hann til morguns vegna skýrslutöku um kæruefnið, þ.e. tjónsins á bifreiðinni.

Vistunin hefði ekki verið ætluð til ákveðins tíma, enda sé slíkt ekki venja, heldur hefði hann haft í huga að vitja Sveins Benedikts síðar og kanna ástand hans nánar og ræða við hann er ölvunin rynni af honum og hann yrði viðræðuhæfur.

Ekki hefði borið á góma að sleppa Sveini Benedikt lausum. Eins og ástandi hans var háttað hefði að mati ákærða verið tilgangslaust að reyna að tjónka við hann með því að segja honum að hann væri frjáls ferða sinna. Þó hefði sér komið í hug að láta færa hann úr handjárnunum og leyfa honum að fara frjálsum ferða sinna, en að athugðu máli og vegna reynslu sinnar við svipaðar kringumstæður hefði hann talið að slíkt myndi kosta frekari átök vegna þess ástands sem Sveinn Benedikt var í.

Ákærði sagði að hann hefði ekki bent Sveini Benedikt á rétt hans til þess að fá skipaðan réttargæslumann þrátt fyrir fyrirmæli sem fram komi um það í fyrrgreindri starfslýsingu fyrir varðstjóra. Slíkt sé ekki venja þegar handteknir menn eru illa drukknið og af þeim sökum óviðræðuhæfir. Hins vegar sé það gert síðar þegar mesta víman er runnin af mönnum. Þótt þessara fyrirmæla sé gætt væri þess ekki getið í frumskýrslu.

Er ákærði hafði tekið ákvörðun um skammtímavistun Sveins Benedikts í fangageymslu kvaðst hann hafa gefið þeim lögreglumönnum, sem með hann komu, fyrirmæli um að færa hann í fangageymslu. Ákærði fór ekki með þeim, enda tíðkist ekki að varðstjóri í fangamóttöku fylgi mönnum sem færðir eru þangað til vistunar, heldur sé hann áfram í fangamóttöku, en sjái svo um að lögreglumenn þeir, sem koma með hinn handtekna, annist þann flutning. Varðstjóri í fangamóttöku sé hins vegar yfir fangavörðum á vaktinni, en fangaverðir heyri þó aðallega undir aðalvarðstjóra á vakt hverju sinni. Hins vegar hafi varðstjóri í fangamóttöku enga aðstoðarmenn samkvæmt skipuriti.

Ákærði bar að hvort sem handteknir menn væru vistaðir til skamms tíma eða til morguns væri farið með þá í fangaklefa og þeir færðir úr yfirhöfn, sbr. framangreinda starfslýsingu. Ekki séu fyrir hendi aðrar vistarverur til skammtímavistunar.

Þegar lögreglumennirnir voru farnir með Svein Benedikt hefði hann rætt við Hrafn. Var frásögn Hrafns um málið á sama veg og lögreglumannanna. Í samtali þeirra hefði komið fram að Hrafn hefði nýlega hafið afleysingastörf í lögreglunni í Reykjavík. Hins vegar hefði ekki komið fram að hann væri sonur meðákærða Árna. Sér hefði fyrst verið um það kunnugt þegar Jónas Jón Hallsson aðalvarðstjóri og jafnframt yfirmaður sinn á þessari vakt hefði tjáð sér atburðinn í fangageymslunni um klukkustund síðar.

Er ákærða var bent á það að tímasetningar á komu lögreglubifreiðar-

innar á stöðina samkvæmt segulbandsupptöku fjarskipta og skráningu á komu Sveins Benedikts í gangamóttöku samkvæmt „fangabók“, sem hann skráði umrætt sinn, kæmu ekki heim og saman (þ.e. um væri að ræða um 5 mínútna mun), bar ákærði að siðargreind tímasetning væri ekki nákvæm, því að líklega hefði hann ritað komu Sveins Benedikts í fangamóttöku í „fangabókina“ eftir að lögreglumennirnir voru farnir áleiðis í fangageymslu, en ekki við komu þeirra í fangamóttöku.

Meðákærði Árni Ólafsson kvað þá þrjá, sig, Grím og Júlíus, hafa leitt Svein Benedikt fyrir ákærða Valgarð Svein er þeir komu með Svein Benedikt í fangamóttökuna. Hann hefði enn verið mjög æstur og „upp-trekkur“ og ófús að fara inn á stöðina. Hann hefði sem fyrr verið áberandi ölvaður, enginn vafi hefði leikið á því að hann var undir verulegum áhrifum.

Árni kvaðst að mestu hafa haft orð fyrir þeim. Hann hefði að Sveini Benedikt áheyrandi skýrt Valgarði Sveini frá málavöxtum, þ.e. frásögn Hrafns og því sem gerst hafði að Njálsgötu 39. Hann kvaðst ekki minnst þess hvort hann tjáði ákærða Valgarði Sveini að sonur sinn ætti hér hlut að máli.

Árni kvaðst ekki hafa verið viðstaddur samtal varðstjórans við Svein Benedikt því að dyrnar voru lokaðar og hann hefði brugðið sér frá til að færa lögreglubifreiðina frá útidyrnum, en skömmu síðar farið á ný inn í varðstjóraherbergið og hafði varðstjórinn þá úrskurðað Svein Benedikt í geymslu.

Júlíus bar að í fangamóttökunni hefði Árni lýst atvikum fyrir varðstjóra, ákærða Valgarði Sveini, fyrst tjóninu á bíl Hrafns og síðan því sem gerðist að Njálsgötunni. Kvaðst Júlíus hafa hlustað á varðstjórann ræða við Svein Benedikt sem enn var í handjárnunum. Reiðin hefði bráð af Sveini Benedikt, en þó hefði hann enn verið æstur. Hann hefði svarað spurningum varðstjórans eðlilega. Þá fyrst hefði Sveinn Benedikt skýrt frá nafni og heimilisfangi, lögheimili á Eskifirði og dvalarstað að Njálsgötu 39. Einnig hefði Sveinn viðurkennt að hann hefði hoppað í fiflagangi upp á vélarhlíf bifreiðar við Fógetann.

Sveinn hefði enn verið greinilega ölvaður, en þó ekki svo að hann slagaði. Að loknu viðtalinu við Svein Benedikt hefði Valgarður Sveinn ákvarðað að hann skyldi vistaður í fangageymslu.

Júlíus bar að ástand Sveins Benedikts hefði sökum æsings og ölvunar verið slíkt að hann hefði verið til alls líklegur og því óhæfur á almannafæri.

Grímur Grímsson bar á sama veg og Júlíus um ástand Sveins Benedikts þá er komið var með hann í fangamóttökuna. Hann hefði enn verið mjög æstur og þar sem ekki hefði tekist að róa hann hefði hann ekki verið færður úr handjárnunum, svo sem vani sé ef handteknir menn verði rólegri. Illa

hefði gengið að fá frásögn hans af atburðarásinni, en hann hefði þó gefið varðstjóránunum upp nafn sitt og heimilisfang og viðurkennt verknaðinn. Sveinn Benedikt hefði verið æstur og sér hefði fundist eðlilegt, miðað við það sem almennt er gert, að vista hann í fangageymslu.

Grímur kvaðst hafa verið viðstaddur þegar Árni skýrði Valgarði Sveini frá málavöxtum við komuna í fangamóttökuna, en mundi ekki hvernig frásögn hans var.

Sveinn Benedikt kvaðst hafa verið svolítið æstur þegar hann kom fyrir varðstjóra. Þó hefði hann þagað mestallan tímann, en skýrt frá nafni og heimilisfangi og viðurkennt að hann hefði lent uppi á margnefndri vélarhlíf. Frekari spurningum varðstjórans hefði hann ekki svarað, enda verið orðinn reiður og ekki talið þörf á því. Að sínu mati hefði hann ekki verið svo ölvaður eða hættulegur sjálfum sér eða öðrum að nauðsyn hefði borið til að vista sig í fangageymslu þótt hann hefði verið reiður vegna meðferðar málsins.

Guðni Sveinn kvaðst hafa setið á bekk fyrir framan fangamóttökuna á meðan lögreglumennirnir þrír fóru með Svein Benedikt inn til varðstjórans. Árni hefði komið þaðan út skömmu síðar til að færa lögreglubílinn, en að því búnu farið aftur þangað inn. Vissi Guðni Sveinn ekki hvað fram fór fyrr en Sveinn kom út með Árna og öðrum lögreglumanninum sem var í ferðinni að og frá Njálsgötu 39. Fóru þeir með hann á milli sín í lyftu. Var Sveinn Benedikt með svipuðu móti og við komuna, þ.e. rólegur, en talsvert ölvaður.

Hrafn kvaðst hafa fært bifreið sína sem staðið hafði fyrir utan lögreglustöðina á meðan Sveinn Benedikt var færður fyrir varðstjóra. Þegar hann kom inn aftur voru lögreglumennirnir að leiða eða teyma hann milli sín í lyftu. Sveinn Benedikt reifst og skammaðist við þá og hefði hann þá verið greinilega ölvaður.

Hrafn kvaðst hafa hafið störf sem lögreglumaður 8. febrúar sl., en áður verið um vikutíma á námskeiði í lögreglufræðum. Umrætt sinn var Hrafn í fríi svo sem fram hefur komið af gögnum málsins.

Jónas Jón Hallsson aðalvarðstjóri kvaðst hafa verið á leið út í eftirlitsferð um kl. 01.30 þessa nótt. Hefði hann gert varðstjórnum sínum á vaktinni grein fyrir því. Fór hann áleiðis í fangamóttökuna til að kanna ástandið áður en hann fór út. Þegar hann kom niður í lyftuna hitti hann ákærða Árna og Grím Grímsson með mann. Tók hann eftir því að maðurinn var rólegur og sýndi engan mótþróa, en hann hefði verið sýnilega ölvaður. Hann hefði verið í handjárnnum, en annar lögreglumannanna leitt hann við hönd.

Jónas kvaðst síðan hafa farið inn í fangamóttökuna og séð þar Valgarð Svein varðstjóra í viðræðum við einhvern mann og afréð hann að trufla

hann ekki við störfin þar sem hann virtist ekki þurfa á aðstoð sinni að halda. Kvaðst Jónas hafa farið við svo búið út í eftirlitsferðina og komið aftur um kl. 3.00 um nóttina.

Jónas sagði að þegar um frumskýrslur væri að ræða, sem teknar væru af handteknum mönnum í fangamóttöku undir svipuðum kringumstæðum, væri ekki vaninn að mönnum væri bent á þann rétt sinn að fá sér skipaðan réttargæslumann, það væri gert ef rannsóknardeild tæki við málinu.

II.

Svo sem að framan greinir var Sveinn Benedikt færður í fangageymslu samkvæmt ákvörðun varðstjóra og leiddur þar fyrir fangaverði.

Sveinn Benedikt hefur borið að sömu þrír lögreglumenn og handtöku sig hafi farið með sig í lyftu til fangageymslunnar. Hann kvaðst ekki muna hvort hann var þá enn í handjárnunum eða hvenær þau voru tekin af sér. Hann hefði verið leiddur að afgreiðsluborði og kona, sem þar var, hefði beðið sig um skilríki. Þegar hann afhenti konunni skilríkin, hefði hún byrjað með svívirðingar í sinn garð og sagt eitthvað í þessum dúr: „Þú ert Austfirðingur, þú ert nú ekki sá fyrsti, þú ert jafnvitlaus og aðrir Austfirðingar.“ Með orðavali sínu hefði hún gefið í skyn að Austfirðingar væru hið versta fólk. Hann hefði verið í æstu hugarástandi, en við þessi ummæli hefði hann orðið alveg snarvitlaus. Sagði Sveinn Benedikt að ekki hefði verið hægt að misskilja þessi orð konunnar á þann veg að hún hefði verið að reyna að róa hann eða lempa, svo sem hún og fleiri vitni hafa borið, hún hafi þvert í móti verið dónaleg. Hann hefði sagt að slíka ókurteisi léti hann ekki bjóða sér og neitað að fara úr yfirhöfn nema konan bæði sig afsökunar, en það hefði hún ekki gert. Þá bað hún lögreglumennina að taka hann bara með valdi. Réðust þá tveir þeirra á hann og skelltu vinstri handlegg, sem þeir héldu stífum fram á við, utan í borðbrúnina. Um leið sneru þeir upp á handlegginn. Héldu þeir áfram þannig um handlegginn og lömdu hann af alefli á borðið. Á meðan var hægra handlegg haldið fyrir aftan bak. Fann hann skyndilega til mikils sársauka og hélt í fyrstu að hann hefði farið úr liði. Er þetta gerðist kvaðst hann enn hafa verið í yfirhöfninni. Hann mundi ekki hver þeirra lögreglumannanna átti hér hlut að máli, þeir hefðu allir tekið á sér þarna.

Eftir atburðinn hefðu þeir talað um að þetta væri allt í lagi, hann hefði veitt mótspyrnu við handtöku. Síðan hefði þeim orðið ljóst að meiðslin voru meiri en þeir höfðu haldið og best væri að fara með sig á slysadeild. Það hefðu þeir gert. Á leiðinni þangað hefði hann áttað sig á hvað hafði gerst og varð hann mjög æstur. Hann hefði spurt lögreglumennina hvað þetta ætti að þýða, en þeir svarað sér með skætingi eitthvað á þá leið að hann væri nú ekki dauður enn, þetta væri allt í lagi. Hann hefði verið

röntgenmyndaður og í ljós hefði komið að hann var tvíbrottinn á vinstra handlegg. Gert hefði verið að meiðslum sínum og handleggurinn settur í gips.

Daginn eftir atburðinn lagði Sveinn Benedikt fram kæru á hendur lög-reglumönnunum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna líkamsárásar og krafðist þess að þeim yrði refsað vegna verknaðarins og áskildi sér rétt til að leggja fram skaðabótakröfu að höfðu samráði við lögmann.

Grimur Grímsson sagði að Sveinn Benedikt hefði enn verið í handjárnun-um er hann var leiddur í fangageymslu þar sem ekki hefði tekist að róa hann. Á leiðinni þangað hefðu þeir þurft að leiða hann á milli sín, en hann þó virst sæmilega rólegur, en ósáttur við ákvörðun varðstjóra. Hann hefði sýnt móthróa við komuna í fangageymsluna, en þó ekki veist að þeim eða slíkt.

Grimur kvaðst hafa leyst járnin af Sveini Benedikt við komuna í fanga-geymslu. Þar hafi hann verið spurður um nafn og aðrar persónulegar upp-lýsingar, en önnur orðaskipti mundi hann ekki. Jóna fangavörður hefði reynt að tala Svein Benedikt til, en það ekki tekist. Jóhann fangavörður hefði beðið hann að fara úr yfirhöfn og hefði hann þá gert sig líklegan til að ráðast á Jóhann. Minnti Grím að áður hefði Jóhann verið búinn að biðja sig og Árna um hjálpið við að færa Svein Benedikt úr yfirhöfninni. Þá hefði Sveinn Benedikt gripið inn fyrir afgreiðsluborðið með báðum höndum. Stóð Grímur þá við hægri hlið Sveins Benedikts og losaði hægri hönd hans frá borðinu. Jóhann hefði síðan klætt Svein Benedikt úr yfirhöfninni. Sveinn hefði ekki veitt mikla mótspyrnu meðan þetta átti sér stað, en þó reynt að vinda sér til og losa sig úr tókum þeirra lögreglumannanna, en það hefði ekki tekist. Jóhann hefði einnig viljað færa hann úr leðurvesti sem hann var í. Þegar Jóhann var byrjaður að færa Svein Benedikt úr kvaðst Grímur hafa haldið við hægri hönd hans til hliðar. Árni hefði hins vegar haldið vinstri hendi Sveins Benedikts aftur fyrir bak hans.

Grimur kvaðst engu óvæntu hafa tekið eftir, en Árni spurt Svein Benedikt hvort ekki væri allt í lagi með hann, en Sveinn engu svarað, legið fram á afgreiðsluborðið og hætt allri mótspyrnu. Þá kvaðst Grímur hafa spurt hann hvort ekki væri allt í lagi með hann, en hann svaraði því til að hann héldi að hann hefði farið úr olnbogalið á vinstra handlegg og beðið þá að kippa í liðinn. Í samráði við Valgarð Svein Hafdal varðstjóra hefðu þeir farið með Svein Benedikt á slysadeild Borgarspítalans. Þar hefði komið í ljós að handleggurinn var brottinn. Á slysadeildinni hefðu áfengisáhrif Sveins Benedikts verið orðin óveruleg eða lítil, en hann æstur og sparkað í þá lögreglumennina.

Grimur kvað fráleitt að átökin hefðu verið með þeim hætti sem Sveinn Benedikt hefur lýst.

Júlíus Óli Einarsson kvaðst hafa verið smástund lengur en þeir Árni og

Grímur í fangamóttöku þar sem hann ræddi þar við varðstjórnann og Hrafn, en við svo búið farið á eftir þeim lögreglumönnum upp í fangageymslu. Þegar hann kom þangað höfðu handjárnin verið tekin af Sveini Benedikt og stóð hann í ýfingum við fangaverði og lögreglumennina, vildi ekki láta setja sig inn. Af því leiddi að taka varð hann tókum. Árni og Jóhann hefðu lagt Svein Benedikt á grúfu fram á afgreiðsluborðið. Þar var honum haldið fönnum, þ.e. Árni hélt í vinstri hönd hans lögreglutaki, Jóhann stóð fyrir framan Svein Benedikt, en þeir Grímur við hægri hlið hans. Um leið hefði verið reynt að færa hann úr yfirhöfninni, þ.e. Júlíus hélt í hægri jakkaermna, en Jóhann reyndi að færa hann úr. Þá heyrðist skyndilega smellur. Í framhaldi af því hefði strax verið farið með Svein Benedikt á slysadeild, en þar kom í ljós að hann var handlegsbrotinn.

Júlíus kvað framburð Sveins Benedikts um átökin og ummæli konunnar við komu hans í fangageymsluna fráleitan. Æsingur Sveins Benedikts hefði byrjað í fangamóttökunni þegar hann vissi að hann átti að fara í klefa. Honum hefði verið haldið í föstum tókum og haldið eins og hægt var, en ekki hefði verið um barsmíðar að ræða. Hann kvaðst ekki minnast þess að Sveinn Benedikt hefði framvísað skilríkjum í fangamóttöku. Um orðaskipti fangavarda við Svein Benedikt sagði Júlíus að Jóna hefði hent gaman að því að Sveinn Benedikt væri Austfirðingur, en nánar hvað hún sagði mundi hann ekki. Hann hefði skilið orð hennar sem stríðni; þau hefðu verið sögð í góðu, það hefði alls ekki verið unnt að skilja þau sem svívirðingar.

Jóhann Eyþórsson fangavörður kvaðst hafa starfað í fjögur ár sem fangavörður við lögreglustjóraembættið í Reykjavík. Hann hefði verið á vakt umrætt sinn með Guðrúnu Jónu Sigurðardóttur.

Guðrún Jóna og hann hefðu verið fyrir innan afgreiðsluborðið, en þegar komið var með Svein Benedikt fór hann fram fyrir það í þeim tilgangi að færa hann úr yfirhöfn þar sem hann átti að fara í klefa. Sveinn Benedikt hefði strax verið orðinn æstur þegar hann kom í fylgd lögreglumannanna í fangageymsluna. Sveinn Benedikt hefði verið undir áhrifum áfengis, en ekki mjög drukkinn. Þau Guðrún Jóna hefðu reynt að róa Svein Benedikt og hún beðið hann um skilríki, en Jóhann kvaðst ekki muna hvort hann afhenti þau. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við orðaskipti milli Sveins Benedikts og Guðrúnar Jónu, enda haft um annað að hugsa þar sem hann fór fram fyrir til að reyna að færa Svein Benedikt úr yfirhöfn og Guðrún Jóna þurfti um leið að svara í símann. Kannaðist Jóhann ekki við að hafa heyrt Guðrúnu Jónu viðhafa þau ummæli sem fram koma í framburði Sveins Benedikts, en áréttaði að Sveinn Benedikt hefði þegar verið orðinn reiður og æstur er komið var með hann í fangageymsluna.

Jóhann kvaðst hafa beðið Svein Benedikt að fara úr yfirhöfninni, en hann hefði verið þver og stífur og neitað því. Sveinn Benedikt hefði þá

staðið með bakið í sig. Þegar hann reyndi að færa Svein Benedikt úr yfirhöfninni í rólegheitum, hefði hann orðið enn æstari og veist að sér. Stóðu þá lögreglumennirnir við hlið Sveins Benedikts, Árni vinstra megin, en Grímur hægra megin og Júlíus aftan til við Grím. Sveinn Benedikt hefði reynt að veitast að sér (Jóhanni) með því að vinda sér að sér, en hann stóð fyrir aftan Svein Benedikt sem sneri við sér baki. Þá hefði Árni tekið Svein Benedikt lögreglutaki, þ.e. sett vinstri hönd hans aftur fyrir bak hans. Strax og Árni tók hann þessu taki heyrðist smellur og hefði Sveinn Benedikt haft á orði að hann hefði farið úr liði. Við yfirheyrslu fyrir RLR, sem Jóhann staðfesti fyrir dómnum, sagði hann að eftir þetta hefði hann fært Svein Benedikt úr yfirhöfninni og síðar úr leðurvesti sem hann var í, en þá hefði heyrst smellur. Þá hefði Sveini Benedikt verið haldið upp við afgreiðsluborðið. Hann hefði veitt mótspyrnu, en þeim samt tekist að færa hann úr. Þegar smellurinn heyrðist hefði Árni sleppt vinstri handlegg Sveins Benedikts sem bað þá að kippa í liðinn. Þá hefði strax verið farið með hann á slysadeild.

Jóhann kvað framburð Sveins Benedikts um aðför þeirra lögreglumannanna að honum ósannindi og lýsti hann furðu sinni á því hvernig handleggur Sveins Benedikts hefði getað brotnað í því taki sem Árni hélt honum, þar sem slíkt tak væri alvanalegt undir þessum kringumstæðum.

Þá kvaðst Jóhann ekki kannast við þau ummæli Guðrúnar Jónu sem höfð eru eftir Sveini Benedikt, „að lögreglumennirnir skyldu bara taka hann með valdi“.

Guðrún Jóna Sigurðardóttir fangavörður lýsti komu lögreglumannanna með Svein Benedikt á sama veg og Jóhann. Fljótlega eftir að komið var með hann hefðu handjárnin verið tekin af honum. Hún kveðst hafa staðið fyrir innan afgreiðsluborðið og beðið Svein Benedikt um skilríki, en hann hefði ekki viljað framvísa þeim. Hann hefði verið ölvaður, þó ekki ofurölvi, mjög stífur og „upptendraður“. Hún hefði svo fengið ökuskírteini hans í hendur, sennilega frá einum lögreglumannanna, a.m.k. hefði hann sjálfur ekki afhent sér það. Athugaði hún í spjaldskrá hvort hann hefði komið áður í fangageymsluna en svo reyndist ekki vera. Gekk hún frá spjaldi sem útfylla þarf við komu manna sem þar þarf að vista. Á meðan talaði hún við Svein Benedikt í því skyni að ná einhverju sambandi við hann og róa hann. Spurði hún hann hvort hann væri Austfirðingur eða eitthvað í þeim dúr. Hún kvað framburð Sveins Benedikts um ummæli sín, svo og að hann hefði afhent sér skilríkin, með öllu tilhæfulausan. Einu afskiptin, sem hún hefði haft af Sveini Benedikt önnur en þau sem hún hefur að framan lýst, hefðu verið þau að hún talaði til hans í því skyni að ná athygli hans, því að oft róist menn við að tala við aðra en þá lögreglumenn sem færa þá til fangageymslu. Það hefði hins vegar

verið vonlaust að ná sambandi við Svein Benedikt eða ræða við hann. Í þann mund, er hún var að tala til Sveins Benedikts og ganga frá spjaldi hans, hefði síminn hringt. Fór hún frá afgreiðsluborðinu og gekk að símanum. Þegar síminn hringdi hefði engin átök verið byrjuð, en Sveinn verið með hnefana á lofti og mjög „spenntur“ og þeir haft á honum hendur, en hvorki Jóhann né lögreglumennirnir hefðu þá verið farnir að taka á honum. Hún hefði ekki séð átökin við Svein Benedikt, hún hefði þá snúið við þeim baki þar sem hún gekk að símanum, en þau hefðu tekið örsamma stund, rétt á meðan hún fór í símann. Hún hefði ekki séð hverjir höfðu hendur á Sveini, en sá lögreglumannanna, sem gerði skýrslu um málið, hefði staðið fjær hinum og haldið á blokk svo sem venja er um þá sem annast skýrslugerð. Rétt áður en hún tók upp símtólið heyrði hún smell og kom henni í hug að þarna hefði orðið beinbrot.

Sá sem talaði við hana í símanum, hefði spurt um Svein Benedikt og vírst ölvaður. Hún hefði sagt að hann fengi engar upplýsingar um Svein Benedikt.

Ákærði Árni bar að á leiðinni í lyftunni hefði Sveinn Benedikt enn verið mjög æstur. Hann hefði þó farið með þeim móttþróaust, en Grímur og hann hefðu leitt Svein Benedikt á milli sín. Júlíus hefði annaðhvort komið með þeim eða skömmu síðar.

Þeir hafi fært Svein Benedikt að borðinu í fangamóttökunni, en þar voru fangaverðirnir Jóhann og Jóna. Einhver orðaskipti hefðu verið milli Jónu og Sveins Benedikts. Hún hefði beðið hann um skilríki eða eitthvað í þeim dúr, en annarra orðaskipta kvaðst hann ekki minnast, því að hann hefði verið með hugann við að róa Svein Benedikt og fá hann til að fara úr yfirhöfninni. Tóku þeir Svein Benedikt úr handjárnunum og báðu hann að fara úr yfirhöfn, en því neitaði hann og kvaðst ekki ætla að vera þarna inni. Um leið hefði hann steytt hnefann framan í Jóhann, bjó sig hreinlega undir að rjúka í hann.

Árni kvaðst ekki hafa orðið þess var að Sveinn Benedikt hefði afhent Jónu skilríki. Jóhann hefði komið fram fyrir afgreiðsluborðið og þegar Sveinn Benedikt neitaði að fara úr yfirhöfninni hefði Jóhann tekið í aðra jakkaermina. Þá hefði Sveinn Benedikt snúið baki í afgreiðsluborðið. Jóhann hefði snúið Sveini Benedikt við, að því er hann minnti, og um leið fært hann úr jakkanum á vinstri hendi. Braust Sveinn Benedikt um á hæl og hnakka.

Í framhaldi af því kvaðst Árni hafa tekið hann „lögreglutaki“, sem kennt væri við Lögregluskóla ríkisins, til þess að varna því að hann skaðaði sjálfan sig og þá hina, þ.e. hann tók með hægri hendi um úlnlið vinstri handar Sveins Benedikts, en hélt vinstri hendi sinni um olnboga vinstri handar hans, þannig að vinstri hönd Sveins Benedikts var fyrir aftan bak

hans, vel fyrir ofan mitti. Á meðan reyndi Jóhann fangavörður og a.m.k. Grímur að færa hann úr yfirhöfninni á hægri hendi. Þrátt fyrir þetta hefði Sveinn Benedikt brotist um, enda hefði hann ekki haldið Sveini Benedikt mjög fast eða þvingað. Þegar þetta var sneri Sveinn Benedikt upp að afgreiðsluborðinu, hallaðist fram á það og braust um í sífellu og hnykkti sér til með því að spyrna í borðið með fótunum. Heyrði Árni þá brak eða smell og varð þess áskynja að eitthvað var að og sleppti takinu. Sagði þá Sveinn Benedikt að hann hefði farið úr liði.

Árni kvað framburð Sveins Benedikts um það, að handlegg hans hefði verið snúið niður á borðið og lamið við það, uppspuna út í hött. Hann hefði tekið Svein Benedikt þessu lögreglutaki eins og hann væri vanur og án þess að handleggurinn kæmi nokkurs staðar við. Hann hefði hvorki spennt handlegginn hátt né tekið óvarlega á honum og ekki heldur snúið upp á hann. Þetta tak væri kennt í Lögregluskólanum og í kennslu talið löglegt tak. Hann hefði ekki tekið of harkalega á handleggnum og kvaðst hann aldrei hafa verið varaður við því að menn gætu brotnað, væri takinu beitt of harkalega. Taldi Árni að brot ætti ekki að eiga sér stað þegar mönnum væri haldið í þessu taki nema þeir brytust því meira um.

Árni sagði að þessu lögreglutaki væri oft beitt við handtökur á mönnum, jafnvel þótt þeir brytust um. Sveinn Benedikt hefði ekki verið beittur meira harðræði en nauðsyn bar til miðað við þær aðstæður sem hann sjálfur hafði skapað sér.

Í framhaldi af því, að Sveinn Benedikt kvaðst vera farinn úr liði, hefðu þeir lögreglumennirnir farið með hann á slysadeild. Þar var farið með hann í myndatöku sem leiddi í ljós að hann var handleggsbrotinn.

Magnús Einarsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn lögreglustjórans í Reykjavík, kom fyrir dóminn sem vitni 26. maí sl.

Kvaðst hann hafa verið kennari við Lögregluskóla ríkisins frá 1. maí 1977 fram á þennan dag. Hann sagði að svokölluð handtökutök væru þrjú. Handtökutak nr. 3 væri þannig að handlegg væri haldið aftur á bak hins handtekna, framhandlegg haldið upp á við, en hendinni aðeins inn á við. Sýndi Magnús í dóminum hvernig taki þessu væri beitt. Í Lögregluskólanum væru þessi handtökutök kölluð lögleg tök, enda kennd öllum verðandi lögreglumönnum sem þyrftu að gangast undir próf í þeim að viðstöddum prófdómara. Ekki væru til skrifleg fyrirmæli um þessi handtök, en þó væri fyrir hendi eins konar vinnuþagbætur þar sem tökunum væri lýst, en sú lýsing væri ekki ýtarleg og henni fylgdu engar myndir. Tök þessi væru einföld og auðlærð og væri brýnt fyrir lögreglumönnum að beita ekki við notkun þeirra meira harðræði en nauðsyn bæri til. Hins vegar þyrfti oft að halda mönnum fast eða á þann veg að menn kæmust ekki úr þeim ef þeir brytust um.

Magnús sagði að ef manni væri haldið í þessu taki gæti hann ekki losað sig úr því nema með því að setja handlegginn niður á við eða olnbogann út á við frá líkamanum. Þrátt fyrir það að menn reyndu að losa sig úr takinu ætti það ekki að geta gerst að hans mati að menn brotnuðu ef þeim tækist ekki að losa sig nema högg kæmi til. Ef hins vegar væri beitt of miklu átaki þegar mönnum væri haldið í þessu taki gæti það hent að þeir tögnuðu því að við slíkar kringumstæður kæmi átak eða snúningur við öxl og olnboga. Næðu menn hins vegar að brjótast svo mikið um, að þeir losnuðu úr takinu á þann veg sem lýst hefur verið hér að framan, gæti óhapp orðið, svo að menn brotnuðu. Þjálfaðir lögreglumenn ættu að geta haldið mönnum í þessu taki þrátt fyrir það að menn brytust um og þrátt fyrir það að þeir hefðu ekki stuðning við hina hlið mannsins. Hins vegar væri betra, þegar svo stæði á, að fá stuðning frá vegg eða ámóta við hina hliðina.

Magnús kvaðst sem yfirmaður fangageymslunnar hafa kannað þar aðstöðuna eftir þennan atburð að beiðni starfsmanna þar. Þeir hefðu bent sér á það að lagfæra þyrfti hvassa borðbrún í móttökunni í fangageymslunni, ella væri hætt á að menn gætu skaddast ef þeir féllu á brúnina. Í byrjun mars sl. hefði verið ákveðið að hefjast handa við að breyta brúninni, þannig að borðröndin yrði ávöl, en ekki hvöss, og hefði það verið gert, sbr. skýrslu vitnisins ásamt ljósmyndum og teikningu af núverandi borði sem fangar eru leiddir að við komu í fangageymslu.

Magnús sagði að við skoðun sína á borðinu, eins og það var fyrir breytinguna, hefði vaknað sá grunur að hið umrædda óhapp kynni að hafa orðið af völdum þess, hversu hvöss plötubrúnin á borðinu var.

Jónas Jón Hallsson aðalvarðstjóri kvaðst, svo sem fyrr er lýst, hafa komið á ný úr eftirlitsferð sinni á lögreglustöðina um kl. 3.00, en vakt hans lauk kl. 6.00. Skömmu eftir að hann kom þangað hefði Viðar G. Waage tilkynnt sér atvikið í fangageymslunni svo og að maðurinn hefði verið fluttur í slysadeild Borgarspítalans og reynst vera handleggsbrotinn. Þá hefði Valgarður Sveinn einnig tilkynnt sér þetta skömmu síðar. Taldi hann rétt í ljósi reynslu sinnar sem rannsóknarlögreglumanns að láta málið bíða afgreiðslu fulltrúa morguninn eftir þar sem hann taldi ekki hættu á sakarspjöllum. Ræddi hann því ekki atvikið við ákærðu er hann hitti þá um kl. 5.00 um morguninn, enda sá hann ekki ástæðu til að yfirheyra þá eða starfsfólkið í fangageymslu þar sem ljóst væri að sjálfstæð rannsókn hæfist að morgni.

Jónas sagði að samkvæmt framangreindri verkefnaskiptingu frá 1. janúar sl. væri það regla að þeir lögreglumenn, sem handtekið hefðu mann, fylgdu honum í fangaklefa. Varðstjóri í fangamóttöku tæki ákvörðun um vistun manns. Hins vegar tæki fangavörður í fangageymslu við hinum

handtekna, færði hann úr yfirhöfn, gerði á honum leit og tæki af honum muni til varðveislu. Fangaverðinum bæri að gæta þess vandlega að fanginn hefði ekkert það á sér sem gæti valdið honum skaða. Lögreglumenn þeir, sem fylgi hinum handtekna til fangageymslu, eigi að vera fangaverðinum til aðstoðar í þessum sambandi.

Rögnvaldur Þorleifsson, læknir á slysadeild Borgarspítalans, kom fyrir dóminn sem vitni 26. maí sl., en hann undirritaði læknisvottorð slysadeildar vegna handleggsbrots Sveins Benedikts, en vottorðið byggist á bókunum í sjúkraskrár Sveins Benedikts svo og þekkingu Rögnvalds á áverkum og meðferð á brotinu. Verður vottorði þessu lýst í kafla C hér á eftir.

Rögnvaldur kvaðst ekki geta staðhæft án þess að sjá nánar röntgenmyndir af brotinu hvað hefði valdið því. Brotið hefði verið svokallað snúningsbrot, en með því væri átt við að brotið væri ekki þverstætt og ekki væri um slétt snið að ræða. Í þessu tilviki væri að einhverju leyti um að ræða skráfulagað brot.

Er vitninu hafði verið kynntur framburður ákærðu og annarra vitna kvað hann sennilegustu orsök áverkans miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar þá að olnboga sjúklingsins hefði verið haldið í einhverri kreppu og framhandleggur notaður sem einhvers konar vogarstöng til að snúa upp á handlegginn, annaðhvort út á við eða inn á við. Hafi sjúklingnum verið haldið í svokölluðu „lögreglutaki“, þ.e. upphandleggur og hönd færð upp eftir baki og látin fylgja bakinu og honum haldið á meðan í föstum skorðum, sé mjög ósennilegt að upphandleggsbeinið hafi brotnað nema framhandleggur hafi færst aftur frá bakinu, annaðhvort að tilverknaði þeirra, sem héldu honum, eða hans sjálfs.

Rögnvaldur sagði að algengasta ástæðan fyrir brotum af þessari gerð væri sú að snúningur kæmi á upphandlegg, olnbogi væri nálægt 90° kreppistöðu og framhandleggur verki sem vogarstöng þegar honum er snúið út á við, álag við sömu gerð og við svokallaðan „sjómann“. Miklum mun meira snúningsátak muni þurfa til þess að upphandleggsbein snúist í sundur ef tekið er á hendi eða framhandlegg og olnbogi er í beinni stöðu. Hann vildi þó ekki útiloka að upphandleggur gæti snúist sundur með þessum hætti. Einnig hefðu brot af þessari gerð orðið með þeim hætti að högg hefði komið á upphandlegg undir vissu snúningsálagi enda þótt olnbogi hefði verið beinn eða verið haldið beinum.

Rögnvaldur taldi líklegt að við nánari skoðun röntgenmyndar af brotinu gæti sérfræðingur í röntgengreiningu borið vitni með sterkum líkum við hvers konar álag beinið hefði brotnað.

Rögnvaldur sagði að aðstoðarlæknir hefði tekið við Sveini Benedikt, þegar komið var með hann á slysadeildina um nóttina, og annast bókun í sjúkraskrá, en um morguninn hefði hann sjálfur séð Svein Benedikt.

Verður nú gerð grein fyrir öðrum þeim gögnum, sem liggja frammi í málinu og hér skipta máli, en vikið hefur verið að sumum þeirra hér að framan:

Samkvæmt framangreindri segulbandsupptöku fjarskipta við áhöfn lögreglubífreiddar nr. 31, R20031, umrætt sinn var tilkynnt um brottförina á slysadeild kl. 1.24, svo og um veru hennar á slysadeild kl. 2.02.

Í framangreindu vottorði Rögnvalds Þorleifssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, dags. 23. febrúar sl., segir að Sveinn Benedikt hafi komið þangað kl. 1.34 í fylgd lögreglumanna.

Í vottorðinu segir að Sveinn Benedikt hafi kvartað um verulega verki og hvers konar hreyfisársauka í vinstri upphandlegg, en hann hafi ekki kvartað um verki annars staðar. Þá segir í vottorðinu á þessa leið um skoðun á Sveini Benedikt:

„Skoðun við komuna á slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós: Sveinn bar allveruleg merki ölvunar. Hann var nokkuð æstur og stóryrtur í garð lögreglumanna þeirra er um hann höfðu fjallað. Áberandi eymsli og önnur merki um brot voru á vi. upphandleggnum. Hringlaga far var að sjá í húðina á úlnliðnum. Þessi för sýndust geta verið eftir handjárn. Þau voru lítið eitt rauð í miðjunni, en húðin var ekki fleiðruð.

Röntgenmyndir voru teknar af vi. upphandlegg og sýndu þær snúningsbrot (spiralbrot) neðanvert við mitt upphandleggsbeinið. Lítil brotfleygur hafði losnað frá leggnum neðst í brotinu og á myndunum sást hvar sprungur gengu nokkuð upp í efri brotendann. Aðrir áverkar sáust ekki á upphandleggsbeininu, en nokkur skekkja var í brotinu og talsverð hliðrun milli brothluta.

Röntgenmyndirnar sýndu a.ö.l. eðlilega beingerð og ekkert benti til þess að nein veiklun hefði verið í beininu áður en það brotnaði.

Brotið var fært í viðunandi skorður með hefðbundnum hætti og síðan lagðar á tíðkanlegar gips-umbúðir. Röntgenmyndir teknar eftir þetta sýndu rétta stefnu á leggnum, en nokkra hliðrun ennþá. Brotstaðan var talin vel viðunandi og frekari umbúnaður eða meðferð ekki nauðsynleg að svo stöddu.

Sveinn var lagður inn á gæsludeild slysaeildarinnar til næsta dags, til eftirlits. Um kl. 13.00 var hann útskrifaður, enda taldi hann sig geta bjargast orðið heima við. Hann bar sig tiltölul. vel og kvaðst ekki hafa lengur mikla verki í handleggnum. Rétt þótti þó að hann tæki algengar verkjatöflur þar til verkirnir rénuðu enn frekar. Ákveðið var að Sveinn kæmi síðan til framhaldsmeðferðar og eftirlits á slysaeildina.

Hann kom þangað skv. áætlun þ. 22/2 sl. Hann lét þá vel að líðan sinni. Röntgenmyndir voru teknar af brotinu á vi. upphandlegg og sýndu þær

óbreytta og tiltölul. góða legu í brotinu. Sjúkl. var látinn hafa áfram sömu gipsumbúðirnar sem var aðeins hagrætt lítillaga. Nægilegt þótti að Sveinn kæmi næst til eftirlits á slysadeildina þremur vikum síðar og var þá gert ráð fyrir að nýjar röntgenmyndir yrðu teknar af brotinu.“

Með bréfi, dagsettu 3. f.m., fór dómariinn þess á leit við Örn S. Arnaldsson, yfirlækni röntgendeildar Borgarspítalans, að hann léti dóminum í té álit sitt á því hvort röntgenmyndir af broti á vinstra upphandlegg Sveins Benedikts Jónassonar, sem kom á slysadeildina umrætt sinn, gæfu til kynna með hverjum hætti brotið varð, í hvaða stöðu handleggurinn var þegar hann brotnaði, hvort hann var beinn eða boginn. Þá var þess óskað að röntgenmyndirnar yrðu kannaðar með það fyrir augum hvort unnt væri að segja til um það hvort snúningur hefði komið á upphandlegginn og/eða hvort brotið bæri með sér að hann hefði orðið fyrir höggi.

Í svarbréfi Arnar Smára til dómsins, dags. 9. f.m., segir svo:

„Í fyrsta lagi er spurt hvort röntgenmyndir gefi til kynna með hverjum hætti brotið varð. Svárið við þessari spurningu er jákvætt. Hér er um sokaallað snúningsbrot að ræða (spiralbrot) neðan til á vinstra upphandsleggsbeini sem gefur þá til kynna að um snúningsáverka er að ræða, en ekki verður dæmt af myndunum hvað veldur áverkanum.

Í öðru lagi er spurt í hvaða stöðu handleggurinn var þegar hann brotnaði og hvort hann var beinn eða boginn.

Þessu verður ekki svarað til fulls, en þó er mun líklegra að brot með þessu útliti gerist með bognum handlegg, þ.e.a.s. beygðum um olnboga, heldur en við snúning á beinum handlegg. Um það, hvort handleggur vísi fram eða aftur, þegar beinið brotnar, er ekki hægt að ákvarða af röntgenmyndum.

Í þriðja lagi er spurt hvort unnt sé að segja til um það hvort snúningur hafi komið á upphandlegginn. Þessu er reyndar svarað við fyrstu spurningu.

Í fjórða lagi er spurt hvort brotið beri það með sér að handleggur hafi orðið fyrir höggi.

Eins og fram hefur komið áður er um snúningsbrot að ræða. Útlit þessa brots bendir þannig ekki til þess að högg hafi komið á handlegginn. Slíkt brot, er verða við högg, eru oftast meira þverlæg.“

Í málinu liggur frammi ljósrit úr kennsluáætlunarbók fyrir fyrri önn Lögregluskólans, staðfest af Magnúsi Einarssyni aðstoðaryfirlögregluþjóni, en þar kemur fram að um þrjár mismunandi handtökuæfingar sé að ræða sem kenndar séu. Þar segir m.a. að kennslumarkmið þessara æfinga sé að nemendur kunni að framkvæma og útskýra þrjár mismunandi handtökuaðferðir, geti framkvæmt og útskýrt þrjár mismunandi handjárnunar- aðferðir, áhersla sé lögð á rétt handtök, rétta staðsetningu hnés og fóta,

rétta notkun handjárna svo og það að hinn handtekni skaði sig ekki og hann sé ekki beittur meira harðræði en nauðsyn krefji.

Þá hafa verið lagðar fram ljósmyndir og uppdrættir af vettvangi í fanga-geymslu, dags. 9. og 17. maí., en gögn þessi bera með sér að margnefnt borð hefur þá nýlega verið hækkað um 7 cm. Jafnframt hefur það verið dúklagt og brúnir þess að ofan orðnar ávalar.

Ríkissaksóknari leitaði umsagnar dómsmálaráðuneytisins vegna máls þessa, sbr. ákv. 2. mgr. 21. gr. 1. nr. 74/1974.

Í bréfi ráðuneytisins til ríkissaksóknara, dags. 8. apríl sl., segir m.a. svo: „Ráðuneytið tekur fram að það telur eðlilegt að um þátt Árna Ólafssonar lögreglumanns verði fjallað af dómstólum.

Þá virðist sem ákvörðun um fangelsun Sveins Benedikts hafi verið tekin án þess að málavextir hafi verið kannaðir með fullnægjandi hætti.

Af gögnum rannsóknarinnar verður tæpast ráðið, svo óyggjandi sé, hvort aðild annarra lögreglumanna sé saknæm.“

Niðurstöður.

I.1.

Samkvæmt 3. tl. 61. gr. laga nr. 74/1974 er lögreglumönnum rétt og skylt að handtaka mann ef hann er grunaður um brot og gefur ekki lögreglumönnum skýrslu um nafn sitt og heimilisfang.

Þá segir í 35. gr. sömu laga að fái lögreglamaður vitneskju eða rökstuddan grun um að refsiverð háttsemi hafi verið drýgd í umdæmi sínu, hvort sem það er fyrir kæru eða skýrslu annarra manna eða með öðrum hætti, beri að hefja af sjálfsdáðum rannsókn málsins og gera þær ráðstafanir sem löglegar, nauðsynlegar og heppilegar eru til að afla sakargagna og framkvæma hvað eina sem horfir til glöggvunar málavöxtum, svo sem að leita þeirra sem brot hafa framið eða grunaðir eru um brot, prófa þá m.a. um háttsemi og dvalarstað á þeim tíma sem brot er framið o.s.frv.

Ákærði Árni hefur allt frá upphafi borið, að sonur sinn, Hrafn, hafi skýrt sér svo frá að Sveinn Benedikt hafi neitað að gefa upp nafn sitt og heimilisfang er þeir ræddust við í Aðalstræti eftir að Sveinn Benedikt hafði valdið tjóni á bifreið hans. Hrafn hafi heyrt félagi Sveins Benedikts kalla hann „Svenna“. Hrafn hafi komist að því, hvar hann hélt sig þá stundina, með því að veita leigubifreið, sem Sveinn Benedikt fór inn í, eftirför að Njálsgötu 39. Fær þessi framburður ákærða stoð í framburði sonar hans, Hrafns, og vitnisins Guðna Sveins, en vitnin Sveinn Benedikt og bróðir hans, Þórir Karl, hafa hins vegar haldið því fram að Sveinn Benedikt hafi bæði gefið Hrafni upp nafn og heimilisfang.

Verður að leggja þann framburð ákærða til grundvallar að honum hafi

ekki verið kunnugt um nafn og heimilisfang Sveins Benedikts þá er hann hélt við þriðja lögreglumann að Njálsgötu 39.

Svo sem fram hefur komið af gögnum málsins veitti Viðar G. Waage, sem var varðstjóri á fjarskiptum umrætt sinn, ákærða heimild til að fara af varðsvæði sínu ásamt áhöfn sinni á lögreglubifreiðinni R20031 að Njálsgötu 39 er ákærði hafði tilkynnt honum málavöxtu í aðalatriðum, þar á meðal það að sonur ákærða ætti hér hlut að máli.

Ákærði og lögreglumenn þeir, sem fóru með honum að Njálsgötu 39, Júlíus Óli Einarsson og Grímur Grímsson, hafa allir borið að Sveinn Benedikt hafi neitað að skýra þeim frá nafni og heimilisfangi svo og að ræða um atburðinn við Aðalstræti er þeir höfðu tal af honum þegar hann kom til dyra að Njálsgötu 39 eftir að bróðir hans kallaði á hann. Þeir lögreglumennirnir hafi því óskað eftir að hann kæmi með þeim og ræddi við þá í lögreglubifreiðinni þar sem þar gæfist betra næði því að gleðskapur var í íbúðinni og bróðir hans var með einhver ólíkindalæti. Sveinn Benedikt hafi fallist á það. Í lögreglubifreiðinni voru þá þeir Hrafn og Guðni Sveinn, sem komu með í því skyni að bera kennsl á Svein Benedikt. Grímur hafi farið með Sveini Benedikt inn í bílinn og byrjað að ræða við hann, en Júlíus verið á leið inn í bílinn og ákærði staðið fyrir utan hann. Í sama mund hafi bróðir Sveins Benedikts, sem var við skál, kallað í hann fyrir utan bifreiðina. Við þetta hafi Sveinn Benedikt, sem var töluvert ölvaður, orðið æstur og viljað fara út. Er þetta var hafi Grímur verið í aftursætinu hjá Sveini Benedikt, Júlíus í þann mund að fara inn í bílinn og ákærði fyrir utan. Ákærði og Grímur hafi varnað honum útgöngu, en hann ekki tekið sonsum og flogist á við þá. Þeir ákærði og Grímur hafi þá handjárnað Svein Benedikt í sameiningu, en ekki gátu þeir um það borið hvor þeirra tók þá ákvörðun. Í framhaldi af þessu héldu þeir með Svein Benedikt á lögreglustöðina þar sem þeim fannst rétt að færa hann fyrir varðstjóra þar sem hann vildi hvorki gefa þeim upp nafn né heimilisfang.

Sveinn Benedikt og bróðir hans, Þórir Karl, hafa hins vegar báðir borið að Sveinn Benedikt hafi látið þeim lögreglumönnum í té bæði nafn og heimilisfang.

Framburður ákærða um handtökuna og aðdraganda hennar er í öllum veigamiklum atriðum í samræmi við framburð þeirra tveggja lögreglumanna sem að henni stóðu ásamt ákærða. Þá fær framburður hans einnig stoð í framburði Hrafn og Guðna Sveins.

Hafa ákærði, Júlíus Óli og Grímur staðfastlega borið að Sveinn hafi ekki, þrátt fyrir tilmæli þeirra, viljað gefa þeim þessar upplýsingar.

Sveinn Benedikt var undir grun um refsiverðan verknað er ákærði handtók hann ásamt tveim öðrum lögreglumönnum. Svo sem að framan er rakið telst ósannað að Sveinn Benedikt hafi svarað spurningum ákærða og hinna

lögreglumannanna, sem að handtöku hans stóðu, um nafn sitt og heimilisfang. Höfðu þeir lögreglumennirnir því lögmæta ástæðu til að handtaka Svein Benedikt og færa hann fyrir varðstjóra í því skyni að fá þessar upplýsingar.

Breytir hér engu um lögmæti handtökunnar og réttmæti þess að færa Svein Benedikt fyrir varðstjóra þótt hann hafi viðurkennt verknaðinn og lýst sig reiðubúinn að greiða bætur er skammt var á leiðarenda.

Er því talið að ákærði hafi haft tilefni til að handtaka Svein Bendikt, sbr. 2. tl. 61. gr. laga nr. 74/1974.

Þá kemur til álita hvort handtakan hafi verið lögmæt eins og hér stóð á, þ.e. vegna skyldleika þeirra ákærða og Hrafns.

Ákærða Árna var rétt, er hann hafði heyrt málavöxtu hjá syni sínum, að fara þess á leit við yfirmenn sína á vaktinni að málið yrði kannað án hans íhlutunar í stað þess að óska eftir því að sinna því sjálfur. Þetta var honum í lófa lagið, enda ekki bráð hætta yfirvofandi. Þá þykir einnig, eins og á stóð, óviðurkvæmilegt af ákærða að flytja son sinn og annað vitni í lögreglubífreidinni á vettvang og leiða Svein Benedikt þangað að þeim viðstöddum til viðræðna við þá lögreglumennina.

Við beitingu þvingunarúrræðis sem handtöku er nauðsynlegt, réttaröryggisins vegna, að ekki skapist sú hætta að ákvörðun um hana stjórnist af persónulegum hagsmunum þeirra sem að henni standa.

Í íslenskri löggjöf er hins vegar hvergi að finna almennar reglur eða einstök ákvæði um vanhæfi lögreglustjóra eða lögreglumanna til meðferðar einstaks máls, en á nokkrum stöðum í löggjöfinni er að finna lagaboð er víkja að vanhæfi tilgreindra embættismanna og stjórnvalda, sbr. t.d. 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, er geyma ýtarleg ákvæði um vanhæfi dómara. Ákvæði, sem fjalla um vanhæfi stjórnvalda, eiga að jafnaði við stjórnvöld sem hafa úrskurðarvald eða hafa á hendi ýmis matsstörf.

Það er hins vegar viðurkennd grundvallarregla í íslenskum rétti að stjórnvald, sem hefur slíkt formlegt úrskurðarvald, geti undir vissum kringumstæðum verið vanhæft til að fara með einstaka mál, en þó er óljóst hvenær slíkt er fyrir hendi.

Ekki hefur verið talið heimilt að beita ákvæðum 36. gr. eml. með löggjöfnun þegar um handhafa stjórnsýslu er að ræða þar sem aðstæður við ákvörðunartöku geta verið með mjög ólíkum hætti.

Þykir ljóst að ekki er fyrir hendi skýlaus lagaheimild er kveði svo á að lögreglumenn séu vanhæfir þegar svo stendur á sem í máli þessu.

Af framangreindum ástæðum telur dómurinn að ekki verði slegið föstu að ákærði hafi verið vanhæfur til að handtaka Svein Benedikt þrátt fyrir þann annmarka að náði skyldmenni ákærða átti hér hagsmuna að gæta.

Þar sem dómarinn hefur og komist að þeirri niðurstöðu að handtakan var ekki að nauðsynjalaus og hlutræn skilyrði handtökunnar voru fyrir hendi, þykir ákærði hvorki hafa brotið gegn ákvæðum 131. gr. né 132. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af þeirri háttsemi sem honum er að sök gefin í I. kafla, 1. tl., ákæru.

I.2.

Í framangreindri starfslýsingu fyrir almenna deild lögreglunnar í Reykjavík, undirritaðri af lögreglustjóra, sem gildi tók í janúar sl., segir að varðstjóri í fangamóttöku ákveði vistun í fangageymslu og beri ábyrgð á innsetningu handtekinna manna. Þá ákveði hann hvort ölvaðir menn, sem handteknir hafa verið, skuli settir í fangageymslu eða ráðstafað á annan hátt. Sé um aðra sök að ræða hjá fanganum, skuli ekki sleppa honum nema með samþykki dómara eða rannsóknarlögreglumanns sem með mál hans fari. Varðstjórinn gæti þess að fyllsta öryggis sé gætt í meðferð fanga og við gæslu þeirra. Eru þessi fyrirmæli í samræmi við reglur fyrir lögreglumenn og fangaverði um meðferð handtekinna manna, geymslu þeirra o.fl., gefnar út af lögreglustjóranum í Reykjavík (Tilkynning nr. 1/1975). Ljóst er að framangreind tilmæli um það að, fanga verði ekki sleppt, sé um aðra sök að ræða en ölvun, ber að túlka í ljósi ákvæða 61. gr. laga nr. 74/1974, þannig að varðstjóra ber ekki að fylgja þeim fortakslaust, heldur skal hann meta þörf vistunar með ákvæði þessi að leiðarljósi hverju sinni.

Samkvæmt framburði ákærða Valgarðs Sveins var Sveinn Benedikt í handjárnnum er lögreglumennirnir þrír komu með hann í fangamóttöku og var hann bæði mjög æstur og áberandi ölvaður. Æsingur Sveins Benedikts hefði, að sínu mati, stafað bæði af ölvunarástandi hans og handtökunni þó að hann minntist þess ekki að Sveinn Benedikt hefði mótmælt henni í sín eyru. Eins og ástandi piltsins var háttað og þar sem ekki hefði tekist að róa hann hefði ákærði talið rétt að færa hann ekki úr handjárnnum. Illa hafi gengið að ná samhengi í framburð piltsins vegna ölvunar hans og æsings, en þó hefði hann svarað spurningum ákærða um nafn og heimilisfang og viðurkennt verknaðinn. Vistun Sveins Benedikts hefði átt að standa um stundarsakir uns víman rynni af honum þar sem ákærði óttaðist að í þessu ástandi kynni hann að vinna sjálfum sér og öðrum mein ef hann yrði frjáls ferða sinna. Það hefði fyrst og fremst verið vegna þessara ástæðna, þ.e. öryggisástæðna, sem hann tók ákvörðun um vistun Sveins Benedikts, en ekki vegna rannsóknarhagsmuna. Hann hefði metið aðstæður þannig í ljósi reynslu sinnar við svipaðar kringumstæður. Þá bar ákærði Valgarður Sveinn að meðákærði Árni hefði í viðurvist hinna lögreglumanna og Sveins Benedikts skýrt frá aðdraganda að handtökunni og mála-vöxtum að Njálsgötu 39. Ekki hefði komið fram að sonur Árna átti hlut

að máli, og hefði sér ekki verið um það kunnugt fyrir en undir morgun er Viðar G. Waage, varðstjóri á fjarskiptum þessa vakt, tjáði honum það. Fær þessi framburður stoð í framburði þeirra vitna sem viðstödd voru.

Þrátt fyrir framburð vitnanna Jónasar Jóns Hallssonar aðalvarðstjóra og Guðna Sveins Theodórssonar, sem sáu Svein Benedikt koma út úr fangamóttöku að lokinni ákvörðun ákærða um vistun hans, um það að Sveinn Benedikt hafi verið rólegur og farið mótþróaust með lögreglumönnum í lyftuna, verður að leggja til grundvallar þann framburð ákærða Valgarðs Sveins, sem er í samræmi við framburð þeirra þriggja lögreglumanna sem að handtökunni stóðu, að Sveinn Benedikt hafi verið mjög æstur og greinilega ölvaður og til alls vís, þótt hann hafi ekki verið ofurölvi, enda hafi vitnin bæði borið að pilturinn Sveinn Benedikt hafi verið sýnilega ölvaður.

Ljóst er að engan veginn er sjálfgefið að ölvaður maður, sem hefur verið handtekinn, skuli vistaður í fangageymslur. Er það að sjálfsögðu komið undir mati hverju sinni.

Leggja verður til grundvallar þann framburð ákærða Valgarðs Sveins, enda hefur ekkert komið fram í málinu sem mælir því í gegn, að hann hafi einvörðungu ætlað að vista Svein Benedikt vegna öryggissjónarmiða til skamms tíma uns af honum rynni áfengisvíman.

Af framansögðu verður ekki talið sannað að vistun Sveins Benedikts hafi verið að nauðsynjalaus, sé litið til þess vitnisburðar sem fram hefur komið í málinu. Ber því að sýkna ákærða Valgarð Svein af þeirri háttsemi sem honum er að sök gefin í I. kafla, 2. tl., ákæru.

Það athugast hins vegar að ákærði Valgarður Sveinn gætti þess ekki, svo sem rétt var og skylt, að benda Sveini Benedikt á þann rétt hans að fá skipaðan réttargæslumann, sbr. ákvæði 4. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 53/1979. Hins vegar ber til þess að líta að sú venja hefur viðgengist, þrátt fyrir nefnt lagaákvæði, þar sem erfitt hefur reynst undir þessum kringumstæðum að ná til lögmanna, að handteknum mönnum er fyrst bent á þennan rétt við formlega skýrslutöku þegar runnin er af þeim áfengisvíman. Allt að einu er hér um skýlaust lagaákvæði að ræða sem ber að virða, enda verður ekki talið að Sveinn Benedikt hafi verið svo ofurölvi að honum hefði ekki verið ljós þessi réttur sinn, ef honum hefði verið á hann bent. Ber að átelja að þetta var látið undir höfuð leggjast.

II.

Sveinn Benedikt hefur haldið því fram að þegar hann neitaði að fara úr yfirhöfn sinni í fangageymslu í framhaldi af því, að kvenfangavörður hafi sýnt sér dónaskap og ósvífni, hafi kvenfangavörðurinn sagt þeim

lögreglumönnunum að þeir skyldu þá bara taka hann með valdi. Í framhaldi af þessum ummælum hafi lögreglumennirnir ráðist á sig með valdi og skellt handlegg sínum beinum af alefli í afgreiðsluborðið. Um leið hafi þeir snúið upp á handlegginn.

Ákærði Árni, Grímur og Júlíus svo og fangaverðirnir Jóhann og Guðrún Jóna hafa öll borið að Sveinn Benedikt hafi verið færður úr handjárnunum er komið var með hann í fangageymsluna. Hann hafi verið æstur og ölvaður og neitað að fara úr yfirhöfn þegar Jóhann fangavörður hafi beðið hann um það. Hafi því ákærði Árni, Grímur og Júlíus komið Jóhanni til hjálpar þar sem skylda er að færa handtekinn mann úr yfirhöfn áður en hann er vistaður í fangaklefa. Ekkert þeirra kannaðist við að Guðrún Jóna hefði sýnt Sveini Benedikt dónaskap eða ókurteisi, þvert á móti hefði hún reynt að róa hann og tala hann til. Einn lögreglumannanna kvað hana hafa hent gaman að því að Sveinn Benedikt væri Austfirðingur, en orð hennar hefði alls ekki verið unnt að skilja sem svívirðingar, heldur góðlátlegt grín.

Er hér var komið sögu hringdi síminn. Guðrún Jóna sneri baki í afgreiðsluborðið og gekk að símanum. Kveðst hún því ekki hafa séð hvað fram fór á meðan.

Ákærði Árni, Júlíus, Grímur og Jóhann hafa allir borið að frásögn Sveins Benedikts um það, að handlegg hans hafi verið skellt í borðið og snúið upp á hann, sé fráleit. Jafnframt hafa þeir ákærði Árni, Jóhann og Júlíus borið að Sveinn Benedikt hafi veitt mikla mótspyrnu þegar reynt var að færa hann úr yfirhöfninni og brotist um á hæl og hnakka. Hann hafi staðið við afgreiðsluborðið, Jóhann hafi staðið fyrir aftan hann, Árni við vinstri hönd, en Grímur við þá hægri og Júlíus við hlið Gríms. Þá hafa þeir allir, að undanskildum Júlíusi sem kom í fangageymslu skömmu síðar, borið að Sveinn Benedikt hafi reynt að veitast að Jóhanni strax og hann reyndi að færa hann úr yfirhöfninni.

Grímur hefur lýst átökunum á þann veg að Sveinn Benedikt hafi í fyrstu gripið með báðum höndum inn fyrir afgreiðsluborðið, en sér hafi tekist að losa hægri hönd Sveins Benedikts. Er þetta var hafi Sveinn Benedikt ekki veitt mikla mótspyrnu, en reynt að vinda sér til í því skyni að reyna að losa sig úr tókum þeirra lögreglumannanna. Jóhann hafi síðan klætt Svein Benedikt úr yfirhöfninni. Jóhann hafi einnig viljað færa hann úr leðurvesti sem hann var í. Þegar Jóhann var byrjaður að færa hann úr kveðst Grímur hafa haldið um hægri hönd hans, en ákærði Árni hafi haldið vinstri hendinni aftur fyrir bak hans. Næsta, sem Grímur vissi, var það að Árni spurði Svein Benedikt hvort ekki væri allt í lagi með hann, en Sveinn Benedikt þá hætt mótspyrnu og talið sig hafa farið úr liði á vinstri olnboga.

Júlíus kom, svo sem fyrr greinir, á eftir þeim hinum í fangageymsluna.

Er hann kom þangað kvað hann ákærða hafa staðið í ýfingum við þá hina. Ákærði Árni og Jóhann hafi þá lagt Svein Benedikt á grúfu fram á afgreiðsluborðið og héldu honum þar föngrum. Árni hafi haldið vinstri hendi hans í svokölluðu „lögreglutaki“, þ.e. fyrir aftan bak, en þeir hinir staðið svo sem lýst er að framan, og hélt Júlíus í hægri jakkaermi Sveins Benedikts. Á meðan var reynt að færa hann úr. Þá hafi skyndilega heyrst smellur.

Ákærði Árni hefur borið að Sveinn Benedikt hafi brotist um í sífellu á meðan hann hélt honum í framangreindu „lögreglutaki“, jafnframt því sem Jóhann og Grímur reyndu að færa hann úr. Sveinn Benedikt hafi hallað sér fram á afgreiðsluborðið um leið og hann braust um og hnykkti sér til með því að spyrna í borðið með fótunum. Heyrði ákærði þá brak og smell og varð þess áskynja að eitthvað var að og slepti strax takinu. Ákærði kveðst hafa beitt „lögreglutakinu“ eins og hann sé vanur og sér hafi verið kennt, hann hafi alls ekki haldið of fast eða þvingað um handlegginn. Þá hafi hann ekki heldur snúið upp á hann eða spennt hann of hátt.

Af framangreindum framburði ákærða Árna og ofangreindra vitna þykir sannað að vinstri upphandleggur Sveins Benedikts hafi brotnað þá er ákærði hélt honum í margnefndu „lögreglutaki.“ Bendir og sérfræðiálit yfirlæknis röntgendeildar Borgarspítalans, Arnar Smára Arnaldssonar, og vætti Rögnvalds Þorleifssonar, læknis á slysadeild, eindregið til þess að handleggurinn hafi verið boginn er hann brotnaði. Verður því ekki fallist á þann framburð Sveins Benedikts að átökin hafi verið með þeim hætti er hann hefur lýst.

Sveinn Benedikt, sem er grannur og lágvaxinn, var í átökum við þrjá fullorðna lögreglumenn og einn fangavörð þegar handleggur hans, sem ákærði hélt í umræddu taki, brotnaði. Þrátt fyrir það að „lögreglutak“ þetta sé kennt öllum verðandi lögreglumönnum, verður að leggja þeim þá skyldu á herðar að beita því með þeim hætti að menn slasist ekki alvarlega. Verður að telja, eins og á stóð, að ákærði hafi ekki sýnt nægilega varkárni, er hann hélt um handlegg Sveins Benedikts umrætt sinn þótt í ljós sé leitt að Sveinn Benedikt hafi veitt mikla mótspyrnu er reynt var að færa hann úr yfirhöfn, svo sem skylda er. Handleggsbrot Sveins Benedikts verður samkvæmt framansögðu rakið til gáleysis ákærða Árna, en áverkarnir eru slíkir að þeir myndu hafa varðað refsingu samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga, ef um ásetningsverk væri að ræða. Verður því ákærða Árna gerð refsing samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 138. gr. sömu laga. Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga að Sveinn Benedikt veitti mikla mótspyrnu umrætt sinn svo og að ákærða hefur verið vikið frá störfum.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 20.000,00 króna sekt til ríkissjóðs. Vararefsing ákveðst tíu daga varðhald.

Svo sem fyrr greinir hefur engin skaðabótakrafa verið lögð fram af hálfu Sveins Benedikts Jónassonar í máli þessu.

Þá greiðist sakarkostnaður, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda beggja ákærðu, Gylfa Thorlaciusar hæstaréttarlögmanns, 80.000,00 krónur, að $\frac{3}{4}$ hlutum úr ríkissjóði, en $\frac{1}{4}$ hluta af ákærða Árna.

D ó m s o r ð:

Ákærði Valgarður Sveinn Hafdal skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Árni Ólafsson greiði 20.000,00 krónur sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi í tíu daga.

Sakarkostnaður, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu beggja, Gylfa Thorlaciusar hæstaréttarlögmanns, 80.000,00 krónur, greiðist að $\frac{3}{4}$ hlutum úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{4}$ hluta af ákærða Árna.